

**SKOÐUN** Heimilisofbeldi er þjóðfélagsmein sem við getum aldrei sætt okkur við, skrifar Eygló Harðardóttir. 18



**MENNING** Leikarahjónin Ingibjörg Huld Haraldsdóttir og Hilmir Jensson eru á leið til Akureyrar. 42



**SPORT** Sir Alex Ferguson hættir sem stjóri Manchester United eftir 27 farsæl tímabil á Old Trafford. 38







# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

**Fimmtudagur**
9. maí 2013
108. tölublað 13. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012


## FRÉTTIR



### Olía lak á vatnsverndarsvæði

Til stóð að flytja 1.600 lítra af olíu á Þríhnúkagíg. Í olíuflutningum gærdagsins láku 600 lítrar af dísilolíu á bílaplan í Bláfjöllum. 2

**Búsifjar fyrir S og V** Vegna minna fylgis dragast framlög ríkisins til fráfarandi stjórnarflokka saman tugi milljóna á ári. 4

**Krefst fangelsis** Farið er fram á 18 mánaða fangelsi yfir Lýði Guðmundssyni í Exista-málinu svokallaða. 6

**Þriðjungshækkun** Bréf Tryggingamiðstöðvarinnar (TM) hækkuðu um þriðjung frá útboði á fyrsta degi viðskipta í Kauphöllinni í gær. 6




18

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Bolungarvík | 6° | | NA | 3 |
| Akureyri | 7° | | ASA | 3 |
| Egilsstaðir | 5° | | NA | 3 |
| Kirkjubæjarkl. | 9° | | NA | 2 |
| Reykjavík | 9° | | NA | 2 |

**Bjart** vestan- og norðvestanlands fram eftir degi en að mestu leyti skýjað austan og sunnan til. Dálítil úrkoma allra syðst. 4

## SÉRBLAÐ

Fólk




# Ótíð skemmir tún og eyðileggur girðingar

Bændur á Norður- og Austurlandi hafa þungar áhyggjur af kali í túnum. Girðingar í kílómetravís taldar ónýtar. Korn verður ekki ræktað. Horft til aðstoðar ríkisins.

**LANDBÚNAÐUR** Ljóst þykir að fjölmargir bændur á Norður- og Austurlandi muni verða fyrir verulegu tjóni af völdum óblíðrar veðráttu síðustu mánuðina.

Sigurður Eyþórsson, formaður Landssambands sauðfjárbænda (LS), segir snjóalög gera mönnum erfitt fyrir en svellbunkar valdi jafnvel frekar áhyggjum vegna fyrirsjáanlegs kaltjóns. Uppskerubrestur og tekjutap er raunverulegur möguleiki en margvíslegar hugmyndir um úrlausnir eru ræddar.

Snjór er áberandi mestur í Fljótum, Bárðardal og Svarfaðardal. Víða annars staðar er þó fannfergi mikið. Sigurður segir að á öðrum svæðum sem heimsótt hafi verið sé minni snjór en mikil svellalög á túnum. „Sé mikið kalið undir svellinu hefur það mikil áhrif fyrir sumarið og spurning hvað menn fá mikinn tíma til að endurrækta og ná einhverri uppskeru,“ segir Sigurður. Til tals hefur komið að undirstinga jarðvinnsluverktaka á Suðurlandi um að fara norður með stuttum fyrirvara ef fer sem horfir. Ástæðan er sú að bændur hafa lítinn tíma og fyrirséð að vaxtatíminn skerðist. Jarðvinnslutæki bænda á svæðinu ráða ekki við svo gríðarlega jarðvinnslu á skömmum tíma.

Þá hafa menn verulegar áhyggjur af því að tjón á girðingum sé gríðarlegt á stóru svæði.

Sindri Sigurgeirsson, formaður Bændasamtakanna, segir bændur og alla sem að málinu koma bíða eftir því að snjó og klaka taki upp svo hægt sé að meta tjónið. Spurður um aðkomu stjórnvalda segir hann að ráðamenn þurfi strax að huga að málum. „Ég tel að stjórnvöld þurfi að leggja Bjargráðasjóði til fjármagn vegna þessa verkefnis. Hvað varðar kal í túnum er ekki spurning um tjón, heldur hversu alvarlegt það verður. Sama á við um girðingar sem vitað er að hafa farið illa.“

> **Ég tel að stjórnvöld þurfi að leggja Bjargráðasjóði til fjármagn.**
>
> *Sindri Sigurgeirsson formaður Bændasamtakanna*

- shá / sjá síðu 12

Sumir þurfa að velja aftur:

# Verzló í fyrsta sæti hjá flestum



**MENNTAMÁL** Fjöldi nemenda sem útskrifast úr grunnskóla í vor þarf að endurskoða val sitt á framhaldsskóla vegna þess hve margir hafa sótt um í sömu skólum á höfuðborgarsvæðinu.

Nemendur sem valið hafa einn af fjórum vinsælustu skólunum bæði í fyrsta og annað val komast í hvorugan komist þeir ekki inn í skólann sem er þeirra fyrsti kostur. Þar ræður einkunn úr grunnskóla.

Skólarnir sem um er að ræða eru Verzlunarskólinn, MH, MR og Kvennaskólinn. Langflestir setja Verzlunarskólann sem fyrsta valkost.

Í erindi Námsmatsstofnunar til grunnskóla landsins eru þeir beðnir að kynna nemendum og foreldrum þessa stöðu og aðstoða þá sem þurfa að endurskoða val sitt.

- óká, hó / sjá síðu 2



**TÆKIÐ VÍGT** María Dís Gunnarsdóttir, fjögurra ára, var hvergi bangin þegar hún tók þátt í að vígja nýtt hjartaómskoðunartæki, Hjört, á Barnaspítala Hringsins í gær. Fyrir tækinu safnaðist í átakinu Á allra vörum árið 2011. Á myndinni eru einnig Gróa Ásgeirsdóttir og Elísabet Sveinsdóttir frá Neistanum og Hróðmar Helgason barnahjartalæknir. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Nýtt tæki tekið í notkun:

# Greinir hjartagalla í börnum

**HEILBRIGÐISMÁL** **María Dís Gunnarsdóttir, fjögurra ára stúlka, var fyrsta barnið sem var skoðað með Hirti, nýja hjartaómskoðunartækinu sem var tekið í formlega notkun á Barnaspítala Hringsins í gær.**

**Hjörtur er hjartaómskoðunartæki af nýjustu gerð. Þjóðarátakið Á allra vörum árið 2011 safnaði fyrir tækinu. Í tilkynningu Neistans, styrktarfélags hjartveikra barna, kemur fram að tækið geri læknum kleift að greina betur og fyrr hjartagalla í fæddum og ófæddum börnum.**

**Í tækinu er hægt að skoða hjartað í þrívídd og eru myndgæði meiri en áður hefur þekkst. Þá mun hagræði við gagnavinnslu meira og hægt að skoða gögn úr tækinu hvar sem er, innan sem utan spítalans.** - hó

Lögregla telur hafið yfir vafa að maður sem er í haldi hafi myrt nágranna sinn:

# Fundu blóðug föt og eldhúshníf

**LÖGREGLUMÁL** Stór eldhúshnífur sem ungur maður er talinn hafa notað til að bana nágranna sínum á Egilsstöðum aðfaranótt þriðjudags fannst á vettvangi morðsins, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins.

Nágranninn, hinn 59 ára Karl Jónsson frá Galtastöðum fremri, fannst látinn á svölum íbúðar sinnar að Blómvangi 2 á þriðjudagsmorgun.

Ungi maðurinn, 24 ára, var handtekinn í íbúð sinni í húsinu skömmu síðar þar sem hann var ásamt 22 ára barnsmóður sinni og átta mánaða gamalli dóttur.

Maðurinn neitaði sök við yfirheyrslur en samkvæmt heimildum Fréttablaðsins telur lögregla hafið yfir allan vafa að hann sé sekur um að hafa banað nágranna sínum. Heima hjá honum fundust föt með blóði á sem talið er vera úr Karli.



**NEITAR SÖK** Maðurinn var leiddur fyrir dómara á þriðjudagskvöld. AUSTURFRÉTT/GUNNAR

Aðkoman á vettvangi var mjög ljót, samkvæmt heimildum blaðsins. Blóð var um allt, bæði inni og úti, hinn látni var með marga og mikla áverka og ljóst var að árásin hafði verið ofsafengin. Svo virðist sem Karl hafi hleypt banamanninum inn til sín.

- sh / sjá síðu 8







## SPURNING DAGSINS



Sigríður, ætlarðu að helga verðlaunagripum krafta þína?

**„Já, það er ekki fyrir væskla að hanna svona gripi."**

Sigríður Heimisdóttir er vöruhönnuður. Hún hefur hannað verðlaunagripi fyrir Íslandsmeistaramótið í klassískum kraftlyftingum sem eru þungir og má nota sem lóð.

Alvarlegt óhapp þegar flytja átti olíugeymi með þyrlu fyrir ferðamannaþjónustu á vatnsverndarsvæði:

# Til stóð að flytja 1.600 lítra á Þríhnúkagíg

**UMHVERFISMÁL** Sex hundruð lítrar af dísilolíu láku niður á bílaplan í Bláfjöllum um hádegisbil gær þegar tankur sem flytja átti með þyrlu að Þríhnúkagíg losnaði úr festingu og sprakk.

Bílaplanið er í jaðri vatnsverndarsvæðis. Eitthvað af olíu fór út af planinu.

„Þetta lítur þokkalega út. Við erum búnir að hreinsa upp þrjá vörubíla af jarðvegi og erum komnir niður á frosna jörð," sagði Páll Stefánsson, heilbrigðisfulltrúi í Kópavogi, á áttunda tímanum í gærkvöld.

Olían var ætluð á dísilrafstöð ferðaþjónustu í Þríhnúkagígi. Flytja átti alls 1.600 lítra af olíu. Páll sagði eitthvað hafa gefið sig þegar þyrlan var nýkomin í loftið. Hætt var við að flytja það sem eftir var af olíunni.

Árný Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, sagði heilbrigðiseftirlitin mjög hafa varað við öllu því álagi sem sé á vatnsverndarsvæðinu; með skíðasvæði, Þríhnúkum og miklum bílaflota. „Við þurfum að vera á varðbergi og auka sýnatökur næstu daga og vikur í vatnsbólunum," sagði Árný.

Eiríkur Hjálmarsson, upplýsingafulltrúi Orkuveitunnar, sagði það líklega mikilvægasta hlutverk fyrirtækisins að sjá fyrir neysluvatni. Það hafi varað við fyrirhuguðum umsvifum við Þríhnúkagíga. „Við erum ekki hrifin af þessu," sagði Eiríkur. - gar



**HREINSUNARAÐGERÐIR** Á þriðja tug rúmmetra af olíumenguðum jarðvegi, möl og snjó var flutt af svæðinu.
MYND/KJARTAN HREINN NJÁLSSON



**ÞRIF** Hinrik Pálmason, starfsmaður Hreinsitækni, þvær göturnar á þvottabílnum.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Starfsmenn þvottabílsins hreinsa í óðaönn eftir veturinn:

# Sópa og þvo götur og gangstéttar

**FÓLK „Við tökum eitt hverfi á dag. Þetta er fyrst grófhreinsað og svo komum við og þvoum yfir þetta á eftir, " segir Hinrik Pálmason, starfsmaður hjá Hreinsitækni, sem ekur um á vatnsbíl og þvær götur borgarinnar þessa daga.**

**Hinrik segir göturnar koma ívið betur undan vetri þetta sumarið enda veturinn frekar snjóléttur. „Óhreinindin eru samt alveg nóg fyrir það," segir hann og bendir á að alltaf sé mikið af sandi og drullu eftir veturinn. Íbúum í þeim hverfum þar sem hreinsun mun fara fram í er gert viðvart með bréfi og þeir beðnir um að liðka til og færa bíla sína af þeim götum sem þrífa á hverju sinni. Hinrik segir það upp og ofan hvernig íbúar bregðast við þeim tilmælum.** - hó

Bæjarfulltrúar mótmæla:

# Segja skipulag hygla verktaka

**AKUREYRI** „Ljóst er að hér er verið að breyta skipulagi í þágu verktaka frekar en eftir sýn skipulagsnefndar og það sem upprunalega var lagt upp með," bókuðu Edward H. Huijbens V-lista og Sigurður Guðmundsson A-lista þegar bæjarstjórn Akureyrar samþykkti breytingu á aðalskipulagi vestan Kjarnagötu. Íbúðir séu settar á svæði sem ekki hafi verið ætlað undir byggð.

„Mögulega bakast með þessu skaðabótaskylda gagnvart núverandi íbúum," bókuðu Edward og Sigurður. - gar

Tveggja saknað:

# Brú í byggingu hrundi í Noregi

**NOREGUR Tveggja er saknað og tíu manns slösuðust þegar brú hrundi í úthverfi Þrándheims í gærdag.**

**Framkvæmdir stóðu yfir við brúna, þegar slysið varð. Sex hinna slösuðu voru verkamenn að störfum á eða við brúna. Að minnsta kosti einn bíll keyrði undir brúna þegar hún hrundi. Tveir voru í þeim bíl og eru taldir vera látnir undir rústunum. Mögulegt er að fleiri séu fastir undir brúnni.**

**Enn er ekki víst hvað olli því að brúin hrundi.** - þeb

# Flestir vilja komast í MH, Verzló og Kvennó

Forinnritun nemenda í tíunda bekk grunnskóla í framhaldsskóla er lokið. Ljóst er að hluti nemenda þarf að endurskoða val sitt vegna mikillar ásóknar í einstaka skóla. Eftirspurn skólasæta hjá fimm vinsælustu er langt umfram framboð.

**MENNTAMÁL** Flestir nemendur tíundu bekkjar grunnskóla vilja fara í Verzlunarskólann næsta haust ef marka má niðurstöður forinnritunar sem birtar hafa verið á menntagátt.is. Alls völdu 478 nemendur skólann sem fyrsta val en 231 sem annað val. Alls hafa því 709 nemendur áhuga á að stunda nám við skólann. Í boði eru 308 pláss fyrir nýnema við skólann.

Ingi Ólafsson, skólastjóri Verzlunarskólans, segir vinsældir skólans hafa verið við það sama síðustu ár. „Það eru tískusveiflur í þessu eins og öðru en þessi tískusveifla hefur varað frekar lengi."

Spurður hvernig megi útskýra þessar vinsældir segir hann freistandi að segja að það sé vegna þess að skólinn sé góður. „Annars er það örugglega samspil margra þátta, en bekkjarkerfið spilar örugglega inn í og þetta er gamall skóli með gott orðspor og gott félagslíf."

Á eftir Verzlunarskólanum í vinsældum kemur Menntaskólinn í Hamrahlíð, en 375 nemendur völdu hann sem fyrsta val og 341 í annað. Alls vilja 716 fara í skólann næsta haust en laus pláss eru 260.

Mikill fjöldi valdi Kvennaskólann í Reykjavík sem annað val, eða 434, en sem fyrsta val völdu 275 skólann. Það gerir alls 709 manns sem vilja fara í skólann en aðeins eru 220 pláss í boði.

„Þetta er auðvitað bara forinnritunin en þetta er held ég mjög svipað og var í fyrra." segir Oddný Hafberg, aðstoðarskólameistari í Kvennaskólanum í Reykjavík. Ásóknin er mikil og ljóst að ekki komast allir að sem vilja. „Það er ljóst að ekki komast allir inn og þannig hefur það verið. Við tókum reyndar fleiri inn í fyrra, en þá höfðum við meira pláss. En 220 verður líklega inntakan hjá okkur í ár."

Hún segir andann í skólanum vera mjög góðan og að skólinn búi yfir mjög góðum kennurum. Námið sé gott, sem og staðsetning skólans. „Ég hugsa að það sé margt sem spili saman. Nemendur sem hafa verið hér eru líka mjög duglegir að tala vel um skólann og auglýsa hann sjálfir mjög mikið."

Sífellt fleiri strákar sækja um nám í Kvennaskólanum en að sögn Oddnýjar eru piltar nú um fjórutíu prósent nemenda.

hanna@frettabladid.is

## Nemendur gætu endað skólalausir

Niðurstöður forinnritunar sýna að mjög stórir hópar sækja um skólavist í fjórum skólum, Verzlunarskólanum, MH, MR og Kvennaskólanum og er fjöldi umsókna í fyrsta vali fyrir hvern þessara skóla talsvert umfram fjölda lausra plássa. Því er ljóst að hafi nemendur sótt um tvo af þessum skólum (fyrsta og annað val) gætu þeir endað skólalausir séu einkunnir þeirra ekki nægilega háar.



**VINSÆLL** Nám við Verzlunarskólann er vinsælt í ár sem endranær.
FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

## ➜ Tíu vinsælustu framhaldsskólarnir

| Skóli | Val 1 | Val2 | Laus pláss |
|---|---|---|---|
| Verzlunarskóli Íslands | 478 | 231 | 308 |
| Menntaskólinn við Hamrahlíð | 375 | 341 | 260 |
| Menntaskólinn í Reykjavík | 279 | 147 | 230 |
| Kvennaskólinn í Reykjavík | 275 | 434 | 220 |
| Menntaskólinn við Sund | 227 | 313 | 224 |
| Fjölbrautaskóli Suðurnesja | 208 | 65 | 220 |
| Verkmenntaskólinn á Akureyri | 195 | 237 | 210 |
| Fjölbrautaskóli Suðurlands | 186 | 61 | 215 |
| Menntaskólinn á Akureyri | 182 | 91 | 220 |
| Tækniskólinn | 158 | 184 | 175 |

HEIMILD: MENNTAGÁTT.

GÖNGUM SAMAN
sunnudaginn 12. maí
Göngum saman
AKUREYRI BLÖNDUÓS
BORGARNES EGILSSTAÐIR
HÖFN ÍSAFJÖRÐUR
PATRÓ REYÐARFJÖRÐUR
REYKJANESBÆR REYKJAVÍK
SELFOSS SIGLUFJÖRÐUR
STYKKISHÓLMUR
VESTMANNAEYJAR

Berlusconi gerðist sekur um skattsvik og var dæmdur í fjögurra ára fangelsi:

# Staðfestu dóm yfir Berlusconi

**ÍTALÍA, AP** Fjögurra ára fangelsisdómur yfir Silvio Berlusconi, fyrrverandi forsætisráðherra Ítalíu, var staðfestur í áfrýjunarrétti í gær. Dómurinn er vegna skattalagabrota.

Dómstóll í Mílanó dæmdi Berlusconi fyrir skattsvik í október síðastliðnum. Hann var dæmdur í fjögurra ára fangelsi og var bannað að gegna opinberu embætti í fimm ár. Hann var dæmdur fyrir að blása upp verð á sýningarrétti á kvikmyndum sem fyrirtæki hans Mediaset keypti, til þess að forðast að borga skatta.

Berlusconi var dæmdur í árs fangelsi í mars síðastliðnum fyrir að hafa látið leka hleruðum símtölum pólitísks andstæðings síns og látið birta upplýsingarnar í dagblaði. Hann hefur neitað þeim sökum og búist er við því að hann áfrýi þeim dómi líka.

Þriðja dómsmálið gegn forsætisráðherranum fyrrverandi snýr að vændiskaupum. Hann er sakaður um að hafa keypt vændi af ólögráða stúlku og að hafa í framhaldinu misnotað vald sitt með því að þrýsta á lögreglu að leysa stúlkuna úr varðhaldi.

Nú er búist við því að Berlusconi áfrýi fyrsta málinu til Hæstaréttar Ítalíu. Hann hefur neitað sök og sagt að dómsmálið eigi sér pólitískar rætur. Hvernig sem fer fyrir hæstarétti er talið ólíklegt að hann muni þurfa að sitja í fangelsi vegna málsins. - þeb



**SILVIO BERLUSCONI** Forsætisráðherrann fyrrverandi er orðinn vanur því að sitja í réttarsal, en tvö önnur dómsmál gegn honum eru í gangi í réttarkerfinu á Ítalíu.
NORDICPHOTOS/AFP




HEFST Í DAG
TAKMARKAÐ MAGN!

## Reiðhjól og fylgihlutir
## 20% AFSLÁTTUR*

AUTHOR



20% AFSLÁTTUR

ÞÚ SPARAR 20.000 KR



Beef Eater

**Discovery 900**
**59.900 kr.**
fullt verð 79.900 kr.

ÞÚ SPARAR 3.400 KR



**Risasýpris**
**3.990 kr.**
fullt verð 7.390 kr.

**Hekkklippur**
**2.995 kr.**
fullt verð 4.995 kr.

5084774

ÞÚ SPARAR 2.000 KR



með framlengjanlegu handfangi



ÞÚ SPARAR 15.000 KR

**Trampolín 12 ft. og öryggisnet**
**34.900 kr.**
fullt verð 49.900 kr.

3900557

## Öll málning og viðarvörn
## 20% AFSLÁTTUR

20% AFSLÁTTUR




**Blákorn 5kg**
**1.190 kr.**
fullt verð 1.590 kr.

5087665




## Allar garðstyttur
## 35% AFSLÁTTUR*



GARÐÁLFAR OG GARÐSTYTTUR 35% AFSLÁTTUR

BLACK&DECKER

**Black &Decker rafhlöðuborvél 14.4V**
**11.995 kr.**
fullt verð 17.895 kr.

ÞÚ SPARAR 5.900 KR



**OPIÐ Í DAG UPPSTIGNINGARDAG**
SKÚTUVOGI, GRAFARHOLTI, HAFNARFIRÐI, AKUREYRI, SELFOSSI, REYKJNESBÆ, EGILSSTÖÐUM, ÍSAFIRÐI, AKRANESI OG VESTMANNAEYJUM .
**SJÁ NÁNAR Á HUSA.IS**

blómaval

HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

Gildir ekki af vörum merktum „Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar" enda er það lægsta verð sem við bjóðum á hverjum tíma

ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI
SÍÐAN 1956

## GENGIÐ 08.05.2013

| | | |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 116,62 | 117,18 |
| Sterlingspund | 180,82 | 181,70 |
| Evra | 153,08 | 153,94 |
| Dönsk króna | 20,536 | 20,656 |
| Norsk króna | 19,975 | 20,093 |
| Sænsk króna | 17,899 | 18,003 |
| Japanskt jen | 1,1778 | 1,1846 |
| SDR | 175,98 | 177,02 |

**GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR** 208,5036

Síldarvinnslan í Neskaupstað ræður ungt fólk í fiskvinnu og önnur verk:

# Hefur ráðið 70 krakka í vinnu

**ATVINNUMÁL** Nýverið gekk Síldarvinnslan í Neskaupstað frá ráðningu um 70 ungmenna til sumarstarfa. Ráðið er í tvo starfsmannahópa; annars vegar í fiskiðjuver og hins vegar í hóp sem sinnir umhverfisverkefnum.

Á heimasíðu fyrirtækisins segir að til starfa í fiskiðjuverinu hafi verið ráðnir rúmlega 50 starfsmenn og eru flestir þeirra á aldrinum 18-20 ára. Munu þeir stunda vaktavinnu á makríl- og síldarvertíðinni í júní.

Í umhverfishópinn voru ráðnir 15 starfsmenn sem eru á aldrinum 17-18 ára. Næg verkefni bíða hópsins, sem er ætlað að sinna tiltekt og fegrun á athafnasvæði Síldarvinnslunnar. Vænta menn þess að verk hópsins verði vel sýnileg þegar líður á sumarið, segir í fréttinni.

Á annað hundrað umsóknir bárust um störfin, en 60% þeirra sem ráðin voru í fiskiðjuverið eru stúlkur. Í umhverfishópnum eru kynjahlutföllin jöfn. - shá



**NORÐFJARÐARHÖFN** Síldarvinnslan hefur þegar ráðið 70 ungmenni í sumarvinnu. MYND/KRISTÍN HÁVARÐSDÓTTIR

Eitt stærsta mál sögunnar:

# 30 handteknir vegna demanta

**BELGÍA, AP** Rúmlega þrjátíu hafa verið handteknir í þremur löndum í tengslum við einhvern stærsta demantaþjófnað sögunnar.

Hópur fólks braust í gegnum girðingu á flugvellinum í Brussel í febrúar síðastliðnum og stal demöntum úr flutningavél sem var að leggja í hann til Sviss. Demantarnir voru tæplega sex milljarða króna virði. Hópurinn flúði svo sömu leið burt af flugvellinum. Að sögn lögreglu tók verknaðurinn aðeins um fimm mínútur. - þeb



**TJÖRNIN Í REYKJAVÍK** Borgin hafnar útsýnisstiklum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Hafna tillögu um nýtt umhverfislistaverk í Reykjavíkurtjörn:

# Tjarnarstiklur varhugaverðar

**SKIPULAGSMÁL Tillögu um uppsetningu umhverfisverks í Reykjavíkurtjörn var í gær hafnað í borgarráði. Listaverkið átti að felast í lágreistum stiklum úr kuðungslaga boga út að útsýnispalli í Tjörninni. Safnstjóri Listasafns Reykjavíkur sagði í umsögn sinni að verkið myndi verða of afgerandi inngrip, kynni að skaða lífríkið og skapaði hættu fyrir þá sem færu út á stiklurnar. Listamaðurinn Þorbergur Þórsson sagði hins vegar verkið mundu gefa fólki ný sjónarhorn. „Ef horft er á borgina sem heild virðist blasa við að hættan sem af verkinu stafar geti vart verið mælanleg," sagði Þorbergur í bréfi til borgarráðs.** - gar

## ÍTALÍA

### Sjö látnir eftir sjóslys

Að minnsta kosti sjö manns létust og nokkrir eru illa slasaðir eftir að flutningaskip sigldi á stjórnturn í höfninni í Genúa á Ítalíu í fyrrinótt. Þriggja er saknað. Flutningaskipið Jolly Nero var að sigla úr höfn á leið til Napólí þegar slysið varð. Tvær vélar munu hafa bilað með þeim afleiðingum að skipstjórinn missti stjórn á skipinu.

## FERÐAÞJÓNUSTA

### 100 herbergi á Hverfisgötu

Byggingarfulltrúanum í Reykjavík hefur borist fyrirspurn um hvort leyft verði að reisa byggingu fyrir 100 herbergja hótel á Hverfisgötu 103.

Óleystur vandi í risamastri:

# Bæjarstjórinn skilur pirring

**UMHVERFISMÁL** Páll Magnússon útvarpsstjóri hefur enn ekki orðið við ósk Fljótsdalshéraðs um fund vegna kvartana undan ljósagangi frá langbylgjumastrinu á Eiðum.

„Við höfum engin viðbrögð fengið þaðan ennþá," segir Björn Ingimarsson, bæjarstjóri Fljótsdalshéraðs. „Við munum fylgja því eftir. Ég vænti þess að menn komi hingað og finni út úr þessum málum. Það er mikill pirringur hjá þeim sem búa þarna í næsta nágrenni. Maður skilur það þegar maður sér þetta." - gar

## ÁRSFRAMLÖG ÚR RÍKISSJÓÐI TIL STJÓRNMÁLAFLOKKA*




# Miklar búsifjar fyrir Samfylkingu og VG

Mikil breyting verður á skiptingu ríkisfjármuna til stjórnmálaflokkanna eftir úrslit síðustu kosninga. Framlög til Samfylkingar og Vinstri grænna munu lækka um tugi milljóna á ári. Framsóknarflokkurinn og minni framboð njóta góðs af.

**STJÓRNMÁL** Fráfarandi stjórnarflokkar munu missa stóran spón úr aski sínum þegar kemur að skiptingu fjármuna úr ríkissjóði eftir kollsteypuna sem flokkarnir tók í nýafstöðnum þingkosningum. Samkvæmt útreikningum Fréttablaðsins gætu ársframlög lækkað um tugi milljóna króna fyrir Samfylkingu og Vinstrihreyfinguna – grænt framboð.

Framlög ríkisins hafa annars vegar verið til stjórnmálahreyfinga, í samræmi við útkomu í þingkosningunum, og hins vegar til þingflokka eftir fjölda þingmanna, auk þess sem stjórnarandstöðuflokkar fá aukinn hluta.

Upphæðirnar sem um ræðir eru í fjárlögum hvers árs og þar ákveðnar af Alþingi. Því er ekki hægt að segja með algerri vissu hvaða fjárhæðir er um að ræða.

Ef gengið er út frá sömu fjárhæðum og á síðasta ári, 290 milljónum króna til stjórnmálasamtaka og 51,9 milljónum til þingflokka sem og að Sjálfstæðisflokkur og Framsóknarflokkur myndi nú stjórn, myndu ársframlög til Samfylkingar lækka um rúmar 54 milljónir og framlög til Vinstri grænna um rúmar 33 milljónir.

Sjálfstæðisflokkur fengi 6,6 milljónum meira og Framsókn tæpum 33 milljónum meira.

Tvö ný framboð náðu mönnum inn á þing og fá framlag eftir því, Björt framtíð fengi 31 milljón á ári og Píratar tæpar nítján milljónir.

Þá fá framboð sem komu ekki mönnum inn á þing, en voru með 2,5% fylgi eða meira, framlag eftir því. Miðað við fyrrnefndar forsendur fengju Dögun og Flokkur heimilanna rúmar níu milljónir á ári, hvort framboð. Lýðræðisvaktina vantar hins vegar 67 atkvæði upp á að ná lágmarkinu. Hefðu þeir náð því ættu þeir rétt á rúmum sjö milljónum á ári.

Loks má geta þess að þau framboð sem buðu fram á landsvísu eiga rétt á styrk vegna kosningaþátttöku, allt að þremur milljónum króna, sem kemur til frádráttar í þetta eina sinn, frá styrknum til stjórnmálasamtaka. Þar gætu Hægri grænir, Lýðræðisvaktin og Regnboginn fengið framlag. thorgils@frettabladid.is






## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




**FREMUR MILDIR DAGAR** eru fram undan en seinni partinn í dag þykknar upp vestanlands og fer að rigna þar í kvöld og nótt. Á morgun ganga skil með rigningu austur yfir landið. Á sunnudag styttir upp og léttir heldur til um landið vestanvert.




**Á morgun**
Fremur hægur vindur. Fer að rigna víða þegar á daginn líður.




**Laugardagur**
Fremur hægur vindur.

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 26° | Berlín | 21° | Friedrichshafen | 21° | Las Palmas | 25° | New York | 18° | París | 17° |
| Aþena | 20° | Billund | 17° | Gautaborg | 17° | London | 14° | Orlando | 30° | San Francisco | 17° |
| Basel | 24° | Frankfurt | 20° | Kaupmannahöfn | 17° | Mallorca | 25° | Ósló | 16° | Stokkhólmur | 20° |



**Ingibjörg Karlsdóttir**
veðurfréttamaður

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann *atli.bergmann@365.is*, Elsa Jensdóttir *elsaj@365.is*, Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Sigrún Kristinsdóttir *sigrunp@365.is*, Sigurjón Viðar Friðriksson *sigurjon@365.is*, Sverrir Birgir Sverrisson *sverrirbs@365.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Steinunn Sandra Guðmundsdóttir *ssg@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*

# Betri kjör á bílafjármögnun

**Landsbankinn býður upp á** tvær leiðir, bílasamning eða bílalán, til að eignast nýjan eða notaðan bíl, ferðavagn eða vélhjól.

- » **9,4% óverðtryggðir – breytilegir vextir**
- » **Lægri lántökugjöld**
- » **10.000 Aukakrónur***
- » **Lánstími er allt að 7 árum**
- » **Lánshlutfall er allt að 75%**

Lægri lántökugjöld

9,4% vextir

10.000 Aukakrónur

**Skilmála og nánari upplýsingar** má finna á landsbankinn.is eða hjá Bíla- og tækjafjármögnun Landsbankans í Borgartúni 33.
* Fylgja öllum nýjum lánum yfir 500.000 kr. sem tekin eru frá 10. maí til 7. júní.




Landsbankinn landsbankinn.is 410 4000

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Hvaða starfsemi er fyrirhuguð í gamla sláturhúsinu á Patreksfirði?
**2.** Í hvaða landi vann áhugaljósmyndarinn Oscar Bjarnason til verðlauna?
**3.** Hvaða stétt íhugar vinnustöðvun ef ekki verður hlustað á kröfur þeirra?

**SVÖR:**
1. Hótelrekstur 2. Dubai. 3. Stundakennarar í H.Í.

Lífeyrissjóður verzlunarmanna á mest í Tryggingamiðstöðinni (TM) sem skráð var í Kauphöll í gær:

# Bréf TM hækkuðu um þriðjung frá útboði

**VIÐSKIPTI** Hlutabréf Tryggingamiðstöðvarinnar (TM) enduðu í 26,70 krónum á hlut í lok fyrsta viðskiptadags með bréfin í Kauphöll Íslands í gær. Hækkunin frá útboðsgengi, sem var 20,10 krónur, nemur rétt tæpum þriðjungi.

Eftir útboðið var stærsti hluthafinn í TM Lífeyrissjóður verzlunarmanna með um 9,9 prósenta hlut.

TM er annað félagið sem skráð er á íslenska markaðinn á þessu ári, en áður var tryggingafélagið VÍS skráð á markaðinn.

Í ávarpi við undirritun samnings við Kauphöllina og upphaf viðskipta með bréf félagsins bauð Sigurður Viðarsson, forstjóri TM, nýja hluthafa velkomna. „TM hefur farið í gegnum miklar breytingar síðan 2008 þegar félagið var síðast í Kauphöllinni. Afkoma okkar af vátryggingastarfsemi var á síðasta ári sú besta á íslenska markaðnum," sagði hann og kvað markmið TM að vera í fararbroddi við áhættumat, góð verð og góða þjónustu. **- óká**




**Í KAUPHÖLLINNI** Sigurður Viðarsson, forstjóri TM, hringir kauphallarbjöllu Nasdaq OMX Iceland við opnun markaðar í gær í tilefni af skráningu TM. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Krefst 18 mánaða fangelsis yfir Lýði

Sérstakur saksóknari segir að sé einhvern tíma ástæða til að nýta refsiheimild hlutafélagalaga til fullnustu sé það í Exista-málinu gegn Lýði Guðmundssyni.

**DÓMSMÁL** Ólafur Þór Hauksson, sérstakur saksóknari, krefst átján mánaða fangelsisdóms yfir Lýði Guðmundssyni í Exista-málinu svokallaða. Þá krefst hann sex til átta mánaða fangelsisdóms yfir lögmanninum Bjarnfreði Ólafssyni. Þetta kom fram á lokadegi aðalmeðferðar málsins í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær.

„Sé einhvern tímann ástæða til að beita refsiákvæðum hlutafélagalaganna af fullum þunga þá er það í þessu máli," sagði Ólafur. Refsiramminn fyrir brot af þessu tagi er tvö ár.

Málið snýst um fimmtíu milljarða hlutafjárhækkun Existu í desember 2008, sem einungis var greiddur fyrir einn milljarður króna. Hann var að auki fenginn að láni frá Lýsingu.

Ákæruvaldið segir þetta í augljósri andstöðu við 16. grein hlutafélagalaga um að ekki megi greiða minna en nafnverð fyrir hluti og fullyrðir að eini tilgangurinn með fléttunni, sem hann kallaði bíræfna og ósvífna ráðagerð, hafi verið að tryggja Lýði og bróður hans Ágústi áframhaldandi yfirráð yfir Existu eftir að Nýja Kaupþing opinberaði áform sín um að taka félagið yfir. Í því skyni hafi bæði stjórn Existu og Fyrirtækjaskrá verið blekkt.

Ólafur sagði málið fordæmalaust. „Brot ákærðu eru stórfelld og studdu að því að ákærði, Lýður, eignaðist stóran hlut í almenningshlutafélagi með ólögmætum hætti," sagði hann. „Það er vandséð í hvaða tilfellum er hægt að brjóta af sér með alvarlegri hætti gagnvart hlutafélagalögum."

Gestur Jónsson, verjandi Lýðs, eyddi drjúgum hluta málflutningsræðu sinnar í að að rökstyðja að ákæran stæðist ekki skoðun; í henni væri Lýður ákærður sem stjórnarmaður félagsins BBR ehf., sem keypti hlutina í Existu, en ekki sem formaður stjórnar Existu, sem samþykkti hinn meinta ólögmæta gjörning. Þar með væri málinu í raun snúið á haus.

„Einhvers staðar á leiðinni frá upphafi rannsóknar og að útgáfu ákæru urðu hinn ágæti saksóknari og heilbrigð skynsemi viðskila," sagði Gestur.

Þorsteinn Einarsson, verjandi Bjarnfreðs, gagnrýndi mjög að skjólstæðingur hans væri ákærður fyrir að sinna eðlilegum lögmannsstörfum með því að senda tilkynningu til Fyrirtækjaskrár.

„Það er fráleitt að skjóta sendiboðann," sagði hann og benti á að málið byggði í raun allt á mistökum Fyrirtækjaskrár, þar sem hlutafjáraukningunni var hleypt í gegn athugasemdalaust fyrir vangá ólöglærðs starfsmanns.

„Ef Fyrirtækjaskrá hefði sinnt lagaskyldu sinni væri ekkert mál í gangi," sagði hann. Dómur verður að líkindum kveðinn upp innan fjögurra vikna. **stigur@frettabladid.is**



**Í HÉRAÐSDÓMI** Lýður og Bjarnfreður segjast báðir alsaklausir af ákærunni og telja hana raunar fráleita. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**„Það er vandséð í hvaða tilfellum er hægt að brjóta af sér með alvarlegri hætti gagnvart hlutafélagalögum.**

*Ólafur Þór Hauksson sérstakur saksóknari*


LANDSSAMBAND SLÖKKVILIÐS- OG SJÚKRAFLUTNINGAMANNA

**Ráðstefna í tilefni af 40 ára afmæli LSS**

**Hótel Natura í Reykjavík 11. maí kl. 9:00–16:00**

**Fyrirlestrar um sjúkraflutninga salur 1, kl. 9:00 – 12:30**
Skýrsla vinnuhóps Velferðarráðherra
Framtíð sjúkraflutninga -Vinnuferlar, menntun og nýjungar
Stoðkerfisálag
Notkun bakbretta

**Fyrirlestrar um slökkviliðsmálefni salur 2, kl. 11:00 – 16:00**
Gróðureldar
Eldur í jarðgöngum
Eldvarnaeftirlit í framtíðinni
Viðbrögð og aðkomuáætlanir
Björgun úr bílflökum
Ábyrgð sveitarfélaga á brunavörnum
Tengsl krabbameins og slökkvistarfa

**Nánar á heimasíðunni www.lsos.is**
**Vinsamlegast skráið þátttöku á lsos@lsos.is**




Guðlaug Pálsdóttir
*Lyfjafræðingur og eigandi Urðarapóteks*

**Kynntu þér MBA-nám við Háskóla Íslands.**
Kynningarfundur og létt hádegishressing **11. maí kl. 12:30-13:00** í stofu 101 á Háskólatorgi.
Eftir fundinn kl. 13:00-13:30 verður gestum boðið upp á að taka þátt í kennslustund í samningatækni.
**Skoraðu á þig og taktu skrefið**

**www.mba.is** HÁSKÓLI ÍSLANDS | MBA


Íslenskir frumkvöðlar vinna að forvörn gegn byrlunum á skemmtistöðum:

# Ísmoli gegn nauðgunarlyfjum

**FÓLK** Hópur nema við Háskólann í Reykjavík hyggst koma á markað litlum kubbi í ísmolalíki sem segir til um hvort nauðgunarlyfi hafi verið komið fyrir í drykk. Kubburinn gengur undir nafninu Safe-cube. „Hugmyndin er sú að kubburinn liggi í drykknum, eins og klaki. Ef efnaskipti verða í drykknum, eins og gerist þegar lyf er sett út í, þá lýsir kubburinn upp drykkinn og gefur frá sér varnarmerki. Þannig getur fólk inni á skemmtistöðum tekið þátt í eftirlitinu með byrlunum," segir Jón Orri Kristinsson, einn forsprakka verkefnisins.

Verkefnið var unnið í tengslum við nýsköpunarnámskeið við Háskólann í Reykjavík. Þróunarvinna hugmyndarinnar er komin af stað og eru aðstandendur vongóðir um að koma kubbnum á markað 2014. Nú þegar hafa nemendurnir fengið til liðs við sig efnaverkfræðing í Noregi við þróun og einnig hefur eigandi textílverksmiðju í Taílandi lýst yfir áhuga á framleiðslunni. Einnig tóku skemmtistaðaeigendur sem hópurinn ræddi við afar vel í framtakið. „B5 og Austur vildu bara kaupa kubbinn strax. En við eigum ennþá töluvert langt í land með að fullkomna vöruna," segir Jón Orri. **- mlþ**



# RISA TAX FREE DAGAR

AUKINN KAUPMÁTTUR!

## SNYRTIVÖRUR, FATNAÐUR, SKÓR, LEIKFÖNG, BÚSÁHÖLD, RÚMFÖT, HANDKLÆÐI...

ÁN VIRÐISAUKASKATTS*
DAGANA 8.-12. MAÍ

*Jafngildir 20,32% verðlækkun.

Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 25,5% virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin 20,32% er alfarið á kostnað Hagkaups.

Ekki afsláttur af hjólum, hlaupahjólum, kertum, servíettum og garni.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð



**HUGKVÆMNI Á VILLIGÖTUM** Þó að smyglarar séu oft útsjónarsamir eru tollverðir vel á verði. MYND/TOLLUR.IS

Dópsending fannst í pósti:

## Reyndu smygl í buxnastreng

**LÖGREGLUMÁL Tollgæslan kom nýverið upp um tilraun til smygls þar sem amfetamín var falið í fatasendingu.**

**Poki með amfetamíni fannst „kyrfilega saumaður“, að því er segir í frétt á vef Tollgæslunnar, inn í streng á gallabuxum sem sendar voru sem gjöf til landsins.**

**Frekari upplýsingar um uppruna sendingarinnar eða magn efnanna kom ekki fram.** - þj

Enn verið að leita líka:

## Yfir 800 fundist látnir í Dhaka

**BANGLADESS** 804 hafa nú fundist látnir eftir að verksmiðjubygging hrundi í Bangladess fyrir tæpum hálfum mánuði. Um 2.500 manns slösuðust og ríflega 2.400 þeirra var bjargað úr rústunum.

Enn er verið að leita að líkum í rústunum.

Yfirvöld hafa lokað átján fataverksmiðjum í öryggisskyni eftir að byggingin á Rana-torgi hrundi. Á mánudag tilkynntu stjórnvöld að rannsóknarnefnd myndi skoða byggingar fataverksmiðja sérstaklega. - þeb

# Gat enga mótspyrnu veitt við ofsafenginni morðárás

Stór eldhúshnífur sem ungur maður er talinn hafa notað til að bana nágranna sínum á Egilsstöðum fannst á vettvangi morðsins. Heima hjá honum fundust blóðug föt. Svo virðist sem nágranninn hafi hleypt honum inn.

**LÖGREGLUMÁL** Ungur maður sem situr nú í gæsluvarðhaldi vegna manndráps á Egilsstöðum er talinn hafa notað stóran eldhúshníf til að bana tæplega sextugum nágranna sínum, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins.

Hnífurinn fannst á vettvangi, í íbúð hins látna í fjölbýlishúsinu að Blómvangi 2.

Það var annar nágranni sem gerði lögreglu viðvart á þriðjudagsmorgun þegar hann sá manninn, hinn 59 ára Karl Jónsson frá Galtastöðum fremri á Héraði, liggja í blóði sínu á svölum íbúðarinnar. Hann hafði þá verið látinn frá því einhvern tíma fyrri hluta nætur.

Ungi maðurinn var handtekinn skömmu síðar í íbúð sinni í húsinu, þar sem hann var ásamt 22 ára barnsmóður sinni og átta mánaða gamalli dóttur þeirra.

Maðurinn var yfirheyrður um kvöldið en játaði ekki sök. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er lögregla hins vegar ekki í nokkrum vafa um sekt hans og telur atburðarásina liggja nokkuð ljósa fyrir. Heima hjá manninum fundust föt sem hann er talinn hafa klæðst við verknaðinn og á þeim blóð sem talið er vera úr Karli.

Maðurinn hafði fyrr um kvöldið verið til vandræða í húsinu, gengið ölvaður íbúð úr íbúð og heimtað tóbak og áfengi, svo að lögregla þurfti að endingu að hafa afskipti af honum.

Svo virðist hins vegar sem hann hafi eftir það bankað upp á hjá Karli, sem hafi hleypt honum inn. Þar hafi maðurinn gripið stóran hníf úr eldhúsinu og lagt til Karls.

Aðkoman að íbúðinni um morguninn var ljót. Blóð var um allt, bæði inni og á svölunum, og augljóst að árásin hafði verið ofsafengin. Hinn látni var með marga og mikla áverka og ekkert bendir til þess að hann hafi náð að koma vörnum við eða veita mótspyrnu af neinu tagi enda engin merki um átök inni í íbúðinni.

Bráðabirgðakrufningu á líkinu er lokið en endanlegt banamein hafði þó ekki verið staðfest í gær.

Ungi maðurinn var leiddur fyrir dómara við Héraðsdóm Austurlands á þriðjudagskvöld, þar sem lögregla fór fram á fjögurra vikna gæsluvarðhald yfir honum.

Dómari úrskurðaði manninn í tveggja vikna varðhald á grundvelli rannsóknarhagsmuna og í gærmorgun var hann fluttur suður til Reykjavíkur þar sem engir gæsluvarðhaldsklefar voru lausir fyrir austan.

Samkvæmt heimildum blaðsins eru barnsmóðir hans og dóttir komin til ættingja sinna á Suðurlandi. stigur@frettabladid.is



**Á VETTVANGI MORÐS** Lögregla strengdi á þriðjudag dúk fyrir svalirnar þar sem maðurinn fannst látinn. Ekki er talinn leika nokkur vafi á því að ungi maðurinn sem er í haldi sé banamaðurinn. AUSTURFRÉTT/GUNNAR




Mannræningi í Cleveland ákærður í gærkvöldi:

## Tvær kvennanna komnar til síns heima

**BANDARÍKIN, AP** Tvær kvennanna þriggja sem var haldið föngnum í húsi í Cleveland í áratug sneru heim til sín í gær. Sú þriðja er sögð við góða líkamlega heilsu á spítala í borginni.

Eigandi hússins sem konurnar fundust í, Ariel Castro, var í gær ákærður fyrir mannrán á fjórum stúlkum og nauðgun á þremur. Bræður hans tveir, Onil og Pedro, voru ekki ákærðir en þeir höfðu verið grunaðir og yfirheyrðir af lögreglu áður.

Á blaðamannafundi í gær kom fram að vitnisburður fórnarlambanna og bræðranna allra hafi leitt í ljós að Onil og Pedro vissu ekkert um gjörðir bróður síns. Þeir voru handteknir vegna þess að þeir voru með Ariel þegar hann fannst. Þeir munu koma fyrir dómara í dag og verður væntanlega sleppt.

Amanda Berry og sex ára gömul dóttir hennar, sem fæddist í prísundinni, komu heim til systur Berry um miðjan dag í gær. Mikill fjöldi hafði safnast saman fyrir framan heimilið og til stóð að Berry ræddi stuttlega við fjölmiðla. Hún treysti sér þó ekki til þess og systir hennar las upp stutta yfirlýsingu þar sem hún þakkaði alla hjálp og bað um að fjölskyldan fengi næði. Lögregla hefur ekki viljað segja neitt um dóttur Berry eða hvort hinar konurnar hafi orðið þungaðar í prísundinni.

Gina DeJesus sneri einnig heim til fjölskyldu sinnar í gær og fjöldi fólks var þar fyrir utan til að bjóða hana velkomna heim. Michelle Knight, þriðja konan, er enn á spítala.

Berry slapp úr húsinu með hjálp nágranna á mánudag. Þeim tókst svo að ná dóttur hennar og hinum konunum tveimur út. Að sögn lögreglu var þetta fyrsta flóttatilraun þeirra, en þær sögðust aðeins hafa farið út úr húsi tvisvar allan tímann sem þær voru í haldi. Þær fóru þó aðeins úr húsinu og í bílskúrinn, svo þær muni.

Lögreglustjórinn Michael McGrath sagði við fjölmiðla í gær að hann væri fullviss um að lögreglan hefði gert allt sem í hennar valdi stóð í leitinni að stúlkunum á sínum tíma. Nágrannar segjast þó hafa látið lögreglu margsinnis vita af því að eitthvað vafasamt ætti sér stað í húsinu. McGrath sagði engin gögn um slík símtöl hjá lögreglunni. Nágrannar hafa meðal annars sagst hafa séð lítið barn horfa út um glugga hússins og eina konuna skríða nakta í garðinum við húsið. - þeb




**VELKOMIN HEIM** Amanda Berry og Gina DeJesus sneru heim í gær en Michelle Knight er enn á spítala. Einn mannræningjanna tók þátt í leitinni að DeJesus á sínum tíma og mætti á minningarathafnir um hana. FRÉTTABLAÐIÐ/AP




**Við þökkum öllum þeim sem sóttu fyrirlestra Vilborgar pólfara um allt land á undanförnum vikum.**

Alls komu um 2.000 gestir á 13 fyrirlestra og hlustuðu á Vilborgu segja frá því hvernig hún gerði draum sinn um að ganga á suðurpólinn að veruleika með því að setja sér markmið.

Um leið óskum við Vilborgu velfarnaðar í næsta stóra verkefni, en í dag hefst fyrsti áfanginn í göngu hennar á Tindana sjö þegar hún leggur af stað á McKinley fjall í Alaska.

Fylgstu með ferð Vilborgar á tindinn á **vilborg.is**

**Við bjóðum góða þjónustu**

islandsbanki.is | Sími 440 4000

Íslandsbanki

# Efnahagslífið verði tekið í gegn

Verkefnisstjórn Samráðsvettvangs um aukna hagsæld á Íslandi kynnti í gær mjög víðtækar tillögur sem stuðla eiga að hagvexti á Íslandi.



FRIÐRIK MÁR BALDURSSON

**EFNAHAGSMÁL** Samráðsvettvangur um aukna hagsæld á Íslandi hittist í þriðja sinn í gær. Á fundi þess voru víðtækar hagvaxtartillögur verkefnisstjórnar samráðsvettvangsins kynntar og þær ræddar af meðlimum vettvangsins.

Tillögunum sem kynntar voru í gær er ætlað að stuðla að því að markmið sem samráðsvettvangurinn hefur sett sér, og sjá má hér neðar, verði að veruleika. Tillögurnar eru þó einungis upphafið að vinnu samráðsvettvangsins sem stefnir að því að lokaniðurstöðurnar liggi fyrir í haust.

Tillögur verkefnisstjórnarinnar snúa að öllum geirum hagkerfisins: opinbera geiranum, innlendri þjónustu, auðlindageiranum og alþjóðageiranum.

Innan opinbera geirans er meðal annars lagt til að ýmsar stofnanir verði sameinaðar og efldar og að fjölþættar umbætur verði gerðar á fyrirkomulagi heilbrigðis- og menntakerfisins. Í innlenda þjónustugeiranum er til dæmis lagt til að umhverfi tolla og neysluskatta verði einfaldað og að hvatt verði til aukinnar samkeppni. Í auðlindageiranum eru lagðar til breytingar sem stuðla eiga að aukinni arðsemi í orkuframleiðslu og sjálfbærri nýtingu ferðamannastaða. Loks eru settar fram tillögur í alþjóðageiranum sem eiga að sporna gegn skorti á hæfu vinnuafli og tryggja aðgengi fyrirtækja að fjármagni.

Friðik Már Baldursson, sem stýrt hefur vinnu verkefnisstjórnarinnar, segist vonast til þess að tillögurnar nái fram að ganga, í það minnsta að hluta. „Ég vonast eftir því að við berum gæfu til þess að nýta þann skriðþunga sem fylgir þessari vinnu. Ef að við gerum það þá eigum við eftir að nýta einhver þeirra tækifæra sem þessar tillögur lýsa.“

Þá segir Friðrik að umræður samráðsvettvangsins um tillögurnar hafi verið góðar. „Auðvitað var bent á eitthvað sem fólki finnst vanta og á veikleika en umræðurnar voru málefnalegar og góðar og fram kom stuðningur við þetta ferli.“

Loks segir Friðrik að þótt markmið samráðsvettvangsins séu metnaðarfull sé mögulegt að ná þeim. „Þessar tillögur eiga að geta stuðlað að því að við brúum það bil sem er á milli okkar og hinna Norðurlandaríkjanna þegar kemur að framleiðni. Ef við virkilega viljum getum við breytt því.“

magnusl@frettabladid.is

## Hvað er samráðsvettvangurinn?

Samráðsvettvangur um aukna hagsæld á Íslandi var settur á fót í janúar að frumkvæði stjórnmálamanna og forsætisráðuneytisins. Stofnunina má rekja til þess að ráðgjafarfyrirtækið McKinsey kynnti skýrslu um leiðir Íslands til aukins hagvaxtar í lok október í fyrra. Vettvangurinn er þverpólitískur og þverfaglegur eins og sjá má hér til hliðar. Honum er ætlað að móta heildstætt og óháð yfirlit yfir aðgerðir sem stuðlað geta að langtímahagvexti og efnahagslegum stöðugleika og eiga lokatillögur að liggja fyrir í september. Sjálfstæð verkefnastjórn hefur unnið að mótun tillagna sem eiga að geta stuðlað að þessum markmiðum. Hagvaxtartillögur verkefnisstjórnarinnar voru kynntar í gær á þriðja fundi samráðsvettvangsins en á öðrum fundi hans voru kynntar og ræddar níu tillögur um breytingar á ramma hagkerfisins sem ætlað er að styðja við aukinn efnahagslegan stöðugleika og trúverðugleika hagkerfisins.

## Þátttakendur í samráðsvettvangnum


**Ragna Árnadóttir,** formaður


**Katrín Olga Jóhannesdóttir,** varaformaður

### STJÓRNMÁLAFLOKKAR


**Bjarni Benediktsson,** Sjálfstæðisflokki


**Árni Páll Árnason,** Samfylkingunni


**Katrín Jakobsdóttir,** Vinstri grænum


**Sigmundur Davíð Gunnlaugsson,** Framsóknarflokki


**Guðmundur Steingrímsson,** Bjartri framtíð


**Jón Þór Ólafsson,** Pírötum

### VINNUMARKAÐURINN


**Elín Björg Jónsdóttir,** BSRB


**Guðlaug Kristjánsdóttir,** BHM


**Gylfi Arnbjörnsson,** ASÍ


**Þorsteinn Víglundsson,** SA


**Hreggviður Jónsson,** VÍ


**Margrét Guðmundsdóttir,** FA

### HÁSKÓLASAMFÉLAGIÐ


**Jón Atli Benediktsson,** HÍ


**Ari Kristinn Jónsson,** HR

### ATVINNULÍFIÐ


**Björgólfur Jóhannsson,** Icelandair Group


**Eggert B. Guðmundsson,** N1


**Helga Margrét Reykdal,** True North


**Vilborg Einarsdóttir,** Mentor


**Jón Sigurðsson,** Össur


**Janne Sigurðsson,** Alcoa


**Magnús Geir Þórðarson,** Borgarleikhúsinu


**Pétur H. Pálsson,** Vísir-Grindavík


**Birna Einarsdóttir,** Íslandsbanki

### OPINBER STJÓRNSÝSLA


**Halldór Halldórsson,** Samband íslenskra sveitarfélaga


**Ragnhildur Arnljótsdóttir,** forsætisráðuneyti

## MARKMIÐ SAMRÁÐSVETTVANGSINS

**1** Meðalhagvöxtur nemi **3,5%** á ári fram til ársins 2030 sem samsvarar **2,6%** vexti á hvern íbúa

**2** Skuldahlutfall hins opinbera verði komið niður fyrir **60%** af vergri landsframleiðslu fyrir 2030

**3** Stöðugleiki náist í verðlagi og meðalverðbólga verði **2,5%** til 2030


HVITA HUSID/SIA 13-0522



# HELSTU TILLÖGUR VERKEFNISSTJÓRNAR SAMRÁÐSVETTVANGSINS



## ➜ Opinberi geirinn

**1.** Sameining stofnana
■ Fjöldi og smæð stofnana dregur úr sérhæfingu og gæðum veittrar þjónustu
■ Ráðast má strax í fjögur sameiningarverkefni sem skila miklum ávinningi. Löggæslustofnunum verði fækkað úr 17 í 1, heilbrigðisstofnunum úr 16 í 7, framhaldsskólum úr 33 í 8 og sýslumönnum úr 26 í 1.
**2.** Efling sveitarstjórnarstigsins
■ Stærri sveitarfélög hafa minni burði til að veita íbúum sínum þjónustu og eru dýrari í rekstri
■ Fækka mætti sveitarfélögum úr 74 í 12 án þess að breyta núverandi landshlutaskiptingu. Slík sameining myndi bæta rekstur sveitarstjórnarstigsins um 7% á ári
**3.** Heildstæð innkaupastefna
**4.** Skilvirkari þjónustusamningar
**5.** Aukið rafrænt þjónustuframboð
**6.** Betri heilbrigðisþjónusta
■ Fjárveitingar til ólíkra landsvæða þarf að veita út frá þörf íbúa fyrir heilbrigðisþjónustu en ekki innviðum sem eru fyrir
■ Festa þarf heilsugæsluna í sessi sem fyrsta áfangastað sjúklinga
**7.** Skilvirkara menntakerfi
■ Íslenska menntakerfið er dýrt en skilar ekki sama árangri og menntakerfi nágrannalandanna
■ Tækifæri til framleiðniaukningar mest á grunnskólastigi. Stækkun kennsluhlutfalls og fækkun námsára skilar mestum ávinningi.
**8.** Aukin atvinnuþátttaka öryrkja



## ➜ Innlendi þjónustugeirinn

**1.** Stjórnvöld og atvinnulíf starfi saman að eflingu samkeppnisumhverfis
■ Á Íslandi ríkir umtalsverð samþjöppun og algengt er að fá fyrirtæki standi undir stórum hluta markaðarins. Samt eru íslensk fyrirtæki smá. Finna þarf rétt jafnvægi milli samkeppni og stærðarhagkvæmni.
**2.** Stjórnvöld framkvæmi samkeppnismat við reglusetningar
■ Ríki og sveitarfélögum verði gert skylt að notast við samkeppnismat að alþjóðlegri fyrirmynd við reglusetningu
**3.** Stuðlað verði að aukinni samkeppni á búvörumarkaði
■ Lækka ætti almenna tolla um 50% og afnema tolla á svína- og alifuglakjöti að fullu auk tolla á vörum sem keppa ekki við innlenda framleiðslu.
**4.** Ráðist verði í átak til að einfalda regluverk
■ Regluverk getur haft mikil áhrif á efnahagslega frammistöðu í gegnum beinan kostnað og framleiðnitap. Því er afar brýnt að regluverk sé nægjanlega skilvirkt til að jákvæðir þættir þess vegi þyngra en þeir neikvæðu
**5.** Neysluskattar verði jafnaðir og einfaldaðir
■ Miklar undanþágur frá virðisaukaskatti draga úr skilvirkni og innheimtum skatti skattkerfisins
■ Gera má kerfið hagkvæmt og gagnsætt með afnámi tolla og vörugjalda og einu lægra virðisaukaskattsþrepi án kostnaðar fyrir ríkissjóð
**6.** Áskorunum vegna skuldsetningar atvinnulífsins verði mætt með skilvirkum hætti



## ➜ Auðlindageirinn

**1.** Samræmd stjórnun auðlinda
■ Núverandi fyrirkomulag auðlindastjórnunar er flókið og án hlutverkaskiptingar við ferlisins. Einfaldara fyrirkomulag er betra og skal stuðla að því að auðlindir séu nýttar til verðmætasköpunar á sjálfbæran og hagkvæman hátt
**2.** Straumlínulagað leyfisveitingaferli
**3.** Arðbærari orkuframleiðsla
■ Arður ríkisins af Landsvirkjun er neikvæður ef ábyrgð á skuldum er tekin með í reikninginn
■ Hið opinbera getur aukið virði eigna sinna í Landsvirkjun með eigendastefnu sem dregur úr pólitískum þrýstingi
■ Frelsi í fjármögnun myndi auka virði Landsvirkjunar enn frekar með því að gera félaginu kleift að vaxa á hagkvæmum hraða
**4.** Tækifæri í raforkusölu um sæstreng
**5.** Sjálfbær uppbygging ferðamannastaða
■ Án stjórnunar á flæði ferðamanna skemmast vinsælustu ferðamannastaðirnir vegna álags
■ Aðgangsgjöld draga úr átroðningi og skapa tekjur fyrir uppbyggingu ferðamannastaða
**6.** Langtímasamningar í fiskveiðum
■ Arðsemi og framleiðni í sjávarútvegi er með því besta sem þekkist. Sátt um kerfið skortir hins vegar og þar með pólitískan stöðugleika.
■ Langtímasamningar um nýtingarrétt gett tryggt hagkvæmni og sátt
**7.** Skilvirkt stuðningskerfi landbúnaðar
■ Niðurgreiðslur þurfa að færast frá sértækum búgreiðslustuðningi í átt að almennari jarðræktarstuðningi.



## ➜ Alþjóðageirinn

**1.** Aukið menntunarstig með styttingu grunn- og framhaldsskólanáms
■ Íslenskum nemendum verði gert kleift að útskrifast á sama aldri og nemendur í nágrannalöndunum. Með því að stytta grunn- og framhaldsskóla um eitt ár hvorn mætti minnka brottfall um 60%, fjölga háskólanemum og auka hlutfall starfandi.
**2.** Hvatar til að fjölga tækni- og raungreinamenntuðum
■ Hlutfall sem útskrifast úr raungreinum og verkfræði lægst hér af Norðurlandaríkjunum
■ Auka þarf áhuga ungmenna á tækni- og raungreinum, auka hlutfall kennslustunda í raungreinum og efla færni kennara.
**3.** Skattaívilnanir og forgangsafgreiðsla fyrir erlenda sérfræðinga
■ Samkeppnishæfni Íslands um vinnuafl á alþjóðlegum vinnumarkaði er ábótavant
**4.** Opinbert fjármagn til rannsóknarstarfs verði nýtt með skilvirkari hætti
■ Hátt hlutfall fjárfestinga í rannsóknum og þróun skilar sér ekki sem skyldi í nýsköpunar- og atvinnutækifærum.
■ Einfalda þarf úthlutunarkerfi opinerra rannsókna- og þróunarstyrkja sem leiðir til aukinnar skilvirkni og gagnsæi
**5.** Öflug fjárfestingaeining einkaaðila og hins opinbera á sprota- og vaxtastigi
**6.** Byggðir verði upp skattalegir hvart til fjárfestinga í nýsköpun
**7.** Regluverk fyrir erlenda fjárfestingu verði bætt






NÝSKÖPUN EYKUR
VERÐMÆTI

**Arion banki styður við nýsköpun í atvinnulífinu**

Fjölmörg fyrirtæki í viðskiptum við Arion banka hafa nýsköpun að leiðarljósi í sinni viðskiptaþróun og eru að ná eftirtektarverðum árangri.

**Við bjóðum þér á námskeið**

Mörg framsæknustu fyrirtæki heims nota Business Model Canvas við að þróa starfsemi sína og efla nýsköpun. Við bjóðum þér á námskeið um Business Model Canvas í höfuðstöðvum Arion banka 30. maí nk. kl. 9–10.30.

Skráning og nánari upplýsingar á arionbanki.is.

Arion banki

ÓTÍÐ Á NORÐUR- OG AUSTURLANDI

# Kvíða fyrirsjáanlegu kali í túnum

Talsvert margir bændur á Norður- og Austurlandi eiga í vændum erfiðar vikur og jafnvel mánuði vegna ótíðar. Snjór veldur enn vandræðum en sauðburður er hafinn. Menn kvíða því þó frekar að kal í túnum geti valdið skakkaföllum. Ljóst er að girðingar eru ónýtar í stórum stíl.

Svavar Hávarðsson
svavar@frettabladid.is



Heimsókn forsvarsmanna bændasamtaka í lok síðustu viku leiddi í ljós að bændur á stóru svæði á Norður- og Austurlandi gætu átt erfiðar vikur og kannski mánuði fram undan vegna tíðarfarsins. Snjóalög gera mönnum erfitt fyrir en svellbunkar valda mönnum jafnvel frekar áhyggjum vegna fyrirsjáanlegs kals. Uppskerubrestur bænda og tekjutap er raunverulegur möguleiki, en margvíslegar hugmyndir um úrlausnir eru ræddar.



**VORVERKIN** Hér er fjórtán tonna beltagrafa að hreinsa í kringum fjárhúsin á Brúnastöðum í Fljótum. MYND/SIGURÐUR EYÞÓRSSON



**Ég tel að stjórnvöld þurfi að leggja Bjargráðasjóði til fjármagn vegna þessa verkefnis. Hvað varðar kal í túnum er ekki spurning um tjón, heldur hversu alvarlegt það verður. Sama á við um girðingar sem vitað er að hafa farið illa.**

*Sindri Sigurgeirsson*

### Bændur funda

Bændasamtökin og Landssamband sauðfjárbænda (LS) skoðuðu aðstæður víða á Norður- og Austurlandi í lok síðustu viku. Bændur voru heimsóttir frá Akureyri allt austur í Jökulsárhlíð og Hjaltastaðaþinghá. Var fundað með bændum á völdum bæjum og víða hittust margir bændur af viðkomandi svæði.

Sigurður Eyþórsson, framkvæmdastjóri LS, var með í för og segir að snjór sé áberandi mestur í Fljótum, Bárðardal og Svarfaðardal. Víða annars staðar er þó fannfergi mikið. Hann segir að á öðrum svæðum sem heimsótt voru sé minni snjór en mikil svellalög á túnum á köflum. Í ferðinni kom fram í máli bænda að langir vetur væru auðvitað engin nýlunda norðan- og austanlands og var vísað til áranna 1979, 1989 og nú síðast 1995. „Hins vegar leggst margt saman; mikið kal 2011, vorhret 2012, þurrkasumar og minni uppskera 2012, óveðrið í september 2012 og nánast óslitin snjóalög síðan þá. Það að allt þetta leggist saman er óvenjulegt og bændur langþreyttir nú í upphafi sauðburðar. Svigrúmið er ekki mikið,“ segir Sigurður.

### Kal er áhyggjuefni númer eitt

Sigurður segir að snjór í þessu magni þegar sauðburður er hafinn sé vissulega áhyggjuefni, en svellalög og kal séu það enn frekar. „Það hefur miklu víðtækari afleiðingar. Sé mikið kalið undir svellinu hefur það mikil áhrif fyrir sumarið og spurning hvað menn fá langan tíma til að endurrækta og ná einhverri uppskeru. Vegna þess sem á undan er gengið, frá 2011, hafa menn mikla þörf fyrir að ná almennilegri uppskeru í sumar.“ Þegar litið er til heybirgða til skamms tíma litið er það mat manna að þær dugi út maí, en ekki mikið lengur. Nokkuð hefur verið keypt af heyi inn á svæðið, mest úr Borgarfirði en einnig af Suðurlandi. Fara þarf yfir opinber gögn um fóðurbirgðir á svæðinu og skrá og birta upplýsingar um hvaðan má flytja fóður norður og austur, að sögn Sigurðar og verður farið í þá vinnu á næstu dögum.



**SIGURÐUR EYÞÓRSSON**

### Stefna vinnuvélum norður

Sú hugmynd hefur komið upp í samtali bænda og samtaka þeirra að ef kal verður mjög mikið þá sé hætt við því að jarðvinnslutæki á svæðinu ráði einfaldlega ekki við að sinna eftirspurninni. „Við höfum velt því fyrir okkur hvort ekki ætti að ræða við jarðvinnsluverktaka á Suðurlandi. Þar er tíð miklu betri og öll jarðvinnsla á Suðurlandi verður búin áður en langt um líður. Það mætti undirstinga þá um að fara norður með skömmum fyrirvara þegar tekur upp. Ástæðan er sú að menn hafa ekki langan tíma til að plægja túnin og sá í þau. Því er fyrirséð að vaxtartíminn skerðist og nýtist ekki sem best. Jarðvinnslutæki bænda á svæðinu eru gjarnan minni tæki sem menn eiga kannski í sameiningu í sveitunum og þau ráða ekki við gríðarlega vinnslu á skömmum tíma,“ segir Sigurður.




Forystumenn Bændasamtakanna heimsóttu fjölmarga bændur á stóru svæði daganna 2.-3. maí. Snjór er áberandi mestur í Fljótum, Bárðardal og Svarfaðardal. Á öðrum svæðum er minni snjór, en þar eru mikil svellalög á túnum. Meðal bæja sem voru sóttir heim voru Búgarður á Akureyri, Brúnastaðir í Fljótum, Steindyr í Svarfaðardal, Stóru-Tjarnir í Ljósavatnsskarði, Sandhaugar í Bárðardal, Búvellir í Aðaldal, Ysti-Hvammur í Jökuldal, Bakkagerði í Jökulsárhlíð og Hjartarstaðir í Hjaltastaðaþinghá.

Tölur yfir þá bændur sem eiga í vandræðum, eða gætu lent í vanda, liggja ekki fyrir. Slík samantekt var ekki á verkefnalista forsvarsmanna BÍ og LS. Hins vegar er fundur í atvinnuvegaráðuneytinu á morgun þar sem slíkur gagnabanki liggur fyrir, en kallað hefur verið eftir upplýsingum frá Matvælastofnun um bústofn á svæðinu sem um ræðir. Eins gögn um heybirgðir.

### Ónýtar girðingar eru annað

En fleira kemur til. Menn hafa verulegar áhyggjur af því að tjón á girðingum sé gríðarlegt á stóru svæði. Í fersku minni eru fregnir af tjóni eftir septemberóveðrið sem á eftir að bæta, en það mun ekki ná yfir allar þær girðingar sem þarf að endurnýja eftir veturinn. „Við sjáum einfaldlega að girðingar eru víða á kafi í snjó; það sést best á því að menn hafa tekið hross í hús á fulla gjöf vegna þess að það eru engar girðingar sem héldu þeim. Þegar snjó tekur upp þá mun koma í ljós gríðarlegt tjón með tilheyrandi kostnaði vegna viðgerða og endurnýjunar á girðingum, um það er ég viss. Umfangið er þó engin leið að meta núna, því snjó hefur einfaldlega ekki tekið upp síðan í september á vissum svæðum. Hvað hver bóndi þarf að gera er því óvissu háð því menn hafa ekki komist í að gera við neitt enn þá þar sem girðingar eru á kafi,“ segir Sigurður.

### Eitt ofan á annað

Í hugmyndabanka bænda bættust ýmsar pælingar sem menn hafa á bak við eyrað, og munu moða úr á komandi vikum. Athuga þarf birgðir sáðvöru. Þegar vorar getur orðið mikil eftirspurn á skömmum tíma. Vonir standa til að birgjar hafi pantað í samræmi við reynslu undanfarinna missera. Fram kom á fundum með bændum að menn hafa sent eða vilja senda unga nautgripi eða hross í slátrun, til að létta á fóðrum. Hins vegar er sex vikna bið eftir þeirri þjónustu í sláturhúsum. Rætt er því að ræða við sláturleyfishafa um hvort eitthvað sé hægt að gera. Fleira kemur til; rætt er um að starfskrafta gæti vantað í sauðburð og eins er rætt um aðrar lausnir sem létt gætu undir. Þar má nefna hvort hægt sé að veita sameiginlega þjónustu fyrir bændur með mat, til dæmis í félagsheimilum í sveitum. Þar er vísað til góðrar reynslu á Heimalandi undir Eyjafjöllum vegna erfiðleika vegna eldsumbrota þar. Þá er ótalið að menn hafa áhyggjur af kornrækt.

„Á Norðurlandi er töluverð kornrækt, sem bændur hafa ekki síst nýtt sem fóður fyrir nautgripi og svín. Ef menn geta ekki ræktað í sumar, og þurfa að kaupa fóður í staðinn næsta vetur þá bætist það ofan á allt annað,“ segir Sigurður.

## Útséð með kornrækt í Svarfaðardal í sumar

Trausti Þórisson, bóndi á Hofsá í Svarfaðardal, segir málið einfalt spurður um aðstæður í Svarfaðardal. „Það er glórulaust að stefna að því að sá korni hér. Miðað við hvernig staðan er í dag þá yrði það ekki fyrr en í júní í fyrsta lagi. Og það er einfaldlega of seint,“ segir Trausti.

Trausti segir að þetta eigi við um aðra kornbændur í Dalvíkurbyggð en allt annað sé uppi á teningnum inn í Eyjafirði. „Þar held ég að einhverjir séu í startholunum að sá þar. Það eru miklir öfgar í þessu því við þurfum ekki nema 20 kílómetra nær Akureyri og þá er snjólaust. Hér er aftur allt á kafi,“ segir Trausti og bætir við að sveitungar hans lendi ekki eins illa í því og Hörgdælingar þar sem er minni snjór. Þar blotnaði í snjó og allt breyttist í klaka. „Við höldum í vonina um að það sé ekki dautt undir snjónum hjá okkur. En það kemur ekki í ljós fyrr en snjóa leysir.“

Trausti hefur nýtt sitt korn sjálfur í fóður. Ef allt fer sem horfir er ljóst að fóðurbætiskaup aukast verulega og það er ekki gefið. Kílóið af fóðurbæti fer á um 100 krónur, heimfluttur, en ræktað kíló af korni leggur sig á 30 til 35 krónur kílóið.

Trausti víkur að því að miklir heyflutningar séu í gangi norður, aðallega frá Suðurlandi. Hann tekur sérstaklega til þess að sunnlenskir bændur hafi verið mjög liðlegir og sanngjarnir í verðlagningu. „Menn hafa ekki verið að okra þó að aðstæður bjóði klárlega upp á það,“ segir Trausti.



**Í SVARFAÐARDAL** Kornakur Trausta á Hofsá 8. maí. Girðingarstaurarnir segja heimamönnum að snjófargrið á landinu er jafnfallið yfir metri á dýpt. MYND/TRAUSTI Þ

**Costa del Sol**
28. maí í 13 nætur
Frá kr. 99.900

**Ótrúleg kjör!**
Heimsferðir bjóða ótrúlegt tilboð á Bajondillo íbúðarhótelinu þann 28. maí í 13 nætur. Önnur gisting í boði á ótrúlegum kjörum.
**Ath. mjög takmarkaður íbúða í boði - verð getur hækkað án fyrirvara.**

Bajondillo ***
Kr. 99.900
Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára, í íbúð 13 nætur.
Verð m.v. 2 fullorðna í studio íbúð kr. 109.600.

Heimsferðir
Skógarhlíð 18 • sími 595 1000
Akureyri • sími 461 1099
www.heimsferdir.is
Ferðaskrifstofa Leyfishafi Ferðamálastofu
Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.



Ískaldir
LURKAR
í sumar
Tívolí LURKUR
Mix LURKUR
Appelsínu LURKUR
Bláberja LURKUR
emmessís
21% hreinn safi úr þykkni
21% hreinn safi úr þykkni
21% hreinn safi úr þykkni
PIPAR\TBWA • SÍA • 131390
emmessís

# 25% AFSLÁTTUR A

## OPIÐ Í DAG F














## SÉRSTÖK GARÐHÚSGAGNASÝNING

* ATH. AFSL. GILDIR AÐEINS NÆSTU
3 DAGA, 9., 10 OG 11. MAÍ

VIÐ ERUM Á FACEBOOK

# AF ÖLLUM VÖRUM*

## FRÁ KL. 13 - 17









# HEIMA HÚSIÐ

Ármúla 8 - 108 Reykjavík - Sími 568 42 42 - www.heimahusid.is. Opið virka daga 10 -18, laugardaga 11 -16

# FRÁBÆR TILBOÐ!

## Gerðu mögnuð kaup!

## Allt að 80% lánamöguleikar

Erum með nokkur eintök af góðum bílum á tilboði í febrúar.




TOYOTA RAV4 LX
Nýskr. 06/08, ekinn 101 þús. km.
bensín, beinskiptur.
**Verð áður kr. 2.380.000**

**TILBOÐSVERÐ! 1.890 þús.**







TOYOTA LAND CRUISER 120VX
Nýskr. 03/08, ekinn 101 þús km.
bensín, sjálfskiptur.
Verð áður kr. 5.220.000
**TILBOÐ kr. 4.690 þús.**

MMC PAJERO GLS
Nýskr. 04/04 ekinn 125 þús km.
bensín, sjálfskiptur.
Verð áður kr. 2.390.000
**TILBOÐ kr. 1.590 þús.**







RANGE ROVER VOGUE
Nýskr. 01/05, ekinn 125 þús km.
bensín, sjálfskiptur.
Verð áður kr. 4.990.000
**TILBOÐ kr. 3.690 þús.**

NISSAN X-TRAIL SE
Nýskr. 04/08, ekinn 115 þús km.
bensín, sjálfskiptur.
Verð áður kr. 2.680.000
**TILBOÐ kr. 2.290 þús.**







NISSAN PATHFINDER SE
Nýskr. 06/08, ekinn 94 þús km.
dísil sjálfskiptur.
Verð áður kr. 4.680.000
**TILBOÐ kr. 3.680 þús.**

HYUNDAI SANTA FE II V6
Nýskr. 09/07, ekinn 100 þús km.
bensín, sjálfskiptur.
Verð áður kr. 2.620.000
**TILBOÐ kr. 2.290 þús.**

**bílaland**

Klettháslsi 11 og Breiðhöfða -110 Reykjavík
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is
www.bilaland.is

www.facebook.com/bilaland.is


# Varað við ókeypis sýnishornum á netinu

Fjöldi kvartana berst frá neytendum um fyrirtæki sem blekkja þá. Viðskiptavinir gera samninga sem þeir ætluðu ekki að gera. Oft erfitt að rifta slíkum samningum.



**NETVERSLUN** Fyrirtæki sem selja heilsuvörur, fæðubótarefni og snyrtivörur bjóða oft ókeypis sýnishorn. NORDICPHOTOS/GETTY

Neytendastofur í Evrópu vara neytendur við að þiggja tilboð um ódýr eða ókeypis sýnishorn í viðskiptum sínum á netinu. Fjölmargar kvartanir hafa borist frá neytendum um fyrirtæki sem blekkja þá. Í mörgum tilfellum er um að ræða fyrirtæki sem selja heilsuvörur, fæðubótarefni, megrunarefni og annað því um líkt, að því er segir á vefsíðu sænsku neytendastofunnar, Konsumentverket. Viðskiptavinir hafa pantað sýnishorn og greitt fyrir með bankakorti en um leið gert samning sem þeir ætluðu ekki að gera.

Greint er frá því að viðskiptavinirnir neyðist til að greiða háar upphæðir í áskrift sem þeir vissu ekki að þeir hefðu samþykkt. Fyrirtækin halda áfram að taka út greiðslu af korti viðskiptavinarins. Erfitt er að rifta samningi þar sem fyrirtækin svara oft ekki símhringingum og ekki heldur tölvupósti.



**BERGSVEINN SAMSTED**

Bergsveinn Sampsted, framkvæmdastjóri kortaútgáfu Valitor, segir fyrirtækið hafa fengið nokkur mál af svipuðum toga til skoðunar. „Oft hafa þessi tilboð birst á Facebook. Í flestum tilfellum eru þetta snyrtivörur og heilsuvörur, boðið er upp á frí sýnishorn en rukkað fyrir sendingarkostnaði. Aðilinn sem tekur tilboðinu gefur upp kortnúmerið sitt og samþykkir skilmála söluaðilans og þar með áframhaldandi áskrift.“

Skilmálarnir eru yfirleitt mjög langir og fela í sér samþykki um áframhaldandi kaup jafnvel þótt ekki hafi verið fjallað um það í sölutextanum, að sögn Bergsveins.

„Okkar varnaðarorð eru sem áður að korthafar kynni sér skilmála þegar þeir eru samþykktir, ekki síst þegar um óþekktar vefsíður er að ræða. Svo má einnig benda á að sjaldnast er eitthvað alveg ókeypis þannig að þegar slíkt er í boði ættu viðvörunarbjöllur að hringja ef beðið er um kortnúmer. Í þessum tilfellum höfum við reynt af fremsta megni að aðstoða korthafa og í flestum tilfellum hefur það gengið vel.“

ibs@frettabladid.is

## Bandarískt flugfélag: 100 dollarar fyrir handfarangur



Bandaríska flugfélagið Frontier Airlines ákvað fyrir nokkrum árum að láta farþega greiða sérstakt farangursgjald. Farþegar brugðust við með því að reyna að láta handfarangur nægja. Nú hefur flugfélagið ákveðið að láta einnig greiða fyrir hann. Í frétt á vef Sydsvenskan segir að einungis þurfi að greiða 25 dollara sé bókað fyrir töskuna fyrirfram. Ekkert þarf að greiða fyrir tösku sem kemst fyrir undir sætinu.

Þeir sem láta ekki vita af stærri handfarangri fyrr en þeir koma á flugvöllinn geta hins vegar reiknað með að þurfa að greiða 100 dollara.

Fleiri bandarísk flugfélög láta greiða fyrir handfarangur.


SJÚKRATRYGGINGAR ÍSLANDS
LAUGAVEGI 114 / VÍNLANDSLEIÐ 16
150 REYKJAVÍK

Sjúkratryggingar Íslands

## Nýtt greiðsluþátttökukerfi vegna kaupa á lyfjum 4. maí



Nýtt greiðsluþátttökukerfi vegna kaupa á lyfjum tók gildi 4. maí sl. Markmiðið með kerfinu er að auka jafnræði milli einstaklinga óháð sjúkdómum og lækka lyfjakostnað þeirra sem nota dýr og/eða mörg lyf.

www.sjukra.is

**Upplýsingar um kerfið má nálgast:**

- Á www.sjukra.is þar sem þú getur einnig reiknað út lyfjakostnaðinn þinn í nýju kerfi.
- Hjá apótekum.



SUMARLEGT
VINDMYLLUR
FRÁ 790
34.900
POLITRATTAN
SÓFI
STÓLL
25.900
ÞOLIR
-15° C
DÖKKT OG LJÓST
GARÐSTYTTUR
FRÁ
6.990
ÚRVAL AF
SUMARVÖRU
NÝ SENDING
AF GLERVÖRU
GLÖS
3 FYRIR 2
NÝJAR MYNDIR
FRÁ 790
99.900
DAYS SVEFNSÓFI
Svartur/Grár
NÚ 12.990
Áður 19.900
KOLLAR
the PIER
Gott geymslupláss
SMÁRATORGI 522 7860 • KORPUTORGI 522 7870 • GLERÁRTORGI 522 7880

afl@mi.is

Aukin hagsæld fyrir Íslendinga:

# Sveitarfélögum fækkað um 62

Á Íslandi eru sjötíu og fjögur sveitarfélög. Þeim mætti fækka um sextíu og tvö samkvæmt tillögum samráðsvettvangs um aukna hagsæld á íslandi, en þátttakendur í honum eru leiðtogar stjórnmálaflokka, vinnumarkaðar og atvinnulífs. Margar tillögur samráðsvettvangsins virðast róttækar en við nánari skoðun eru þær nær allar mjög skynsamlegar.



Mikael Torfason
mikael@frettabladid.is

Til dæmis er lagt til að löggæsluembættin á Íslandi verði öll sameinuð í eitt. Í dag eru þetta sautján stofnanir en við höfum góða reynslu af sameiningu. Til dæmis voru öll lögregluembætti höfuðborgarsvæðisins sameinuð árið 2007. Sú sameining var mjög vel heppnuð og vegna hennar komst lögreglan á höfuðborgarsvæðinu miklu betur frá hruninu en annars hefði orðið.

Samráðsvettvangurinn leggur til fleira viturlegt. Stungið er upp á því að heilbrigðisstofnunum verði fækkað úr sextán í sjö, en þannig má ná mikilli hagræðingu auk þess sem þjónustan myndi batna til muna. Þá eru hér í landi allt of margir framhaldsskólar. Á Íslandi rekum við 33 slíka en það sér hver heilvita manneskja að það nær ekki nokkurri átt í samfélagi sem telur þrjú hundruð og tuttugu þúsund manns. Við erum með meira en einn framhaldsskóla á hverja tíu þúsund íbúa. Samráðsvettvangurinn leggur til að þeim verði fækkað um tuttugu og fimm. Þá yrðu eftir átta framhaldsskólar.

Í Fréttablaðinu í dag eru öllum þessum tillögum gerð ítarleg skil. Í þeim er margt fleira áhugavert, eins og til dæmis innlegg samráðsvettvangsins um málefni öryrkja. Lagt er til að bæta atvinnuþátttöku þeirra, en síðastliðinn áratug hefur öryrkjum sem fá vinnu við hæfi fækkað. Öryrkjum fjölgar hratt á Íslandi. Alls voru 726 einstaklingar greindir 75% öryrkjar árið 1990 en í fyrra fengu 1.275 slíka greiningu. Kannanir sýna að næstum sjö af hverjum tíu öryrkjum vilja vinna. Okkur ber skylda til að virkja það fólk og skilja það ekki útundan.

Bæði Sigmundur Davíð Gunnlaugsson og Bjarni Benediktsson eru í umræddum samráðsvettvangi og munu vinna úr tillögum samráðsvettvangsins ásamt fleira góðu fólki. Vissulega gefur það von um bjartsýni og að kannski verði ráðist í róttæk verkefni til að bæta hagsæld allra Íslendinga. Um leið vitum við öll að þeirra bíður erfitt verkefni ætli þeir að framkvæma einhverjar af þessum skynsamlegu tillögum.

Ef þeir Sigmundur og Bjarni vilja byrja einhvers staðar ætti fækkun sveitarfélaga að vera með mikilvægari verkefnum. Sveitarfélög ættu ekki að hafa færri en átta þúsund íbúa því annars næst ekki skilvirkni í rekstri stjórnsýslunnar. Sveitarfélög með færri en átta þúsund íbúa hafa minni burði til að veita sæmandi velferðarþjónustu. Þessi sveitarfélög þurfa að reiða sig á jöfnunarsjóð sveitarfélaga og það er okkur dýrt.

Það er kominn tími á tiltekt og vonandi gefur ný ríkisstjórn fyrirheit um almennilega vorhreingerningu.

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRAR:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is*, Mikael Torfason *mikael@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
ISSN 1670-3871



Ert þú með **verki**?

**Stoðkerfislausnir**
henta þeim sem eru með einkenni frá stoðkerfi, vilja læra á sjálfan sig og finna sín mörk í hreyfingu.

- Hefst **13. maí**
- **Mán., mið. og fös. kl. 15:00** eða **16:30**
- Mat og ráðgjöf sjúkraþjálfara
- Þjálfari: **Sólveig María, sjúkraþjálfari**
- **Verð kr. 26.900.-** fyrir 6 vikur

Skráning í síma 560 1010
eða á mottaka@heilsuborg.is

HEILSUBORG
Heilsuborg ehf. • Faxafeni 14 • 108 Reykjavík
Sími 560 1010 • www.heilsuborg.is

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Ráðherra strax

Brynjar Níelsson sækist eftir því að verða ráðherra í ríkisstjórninni sem menn eru nú að berja saman, jafnvel þótt hann hafi ekki þingreynslu. Þetta er athyglisverð hugmynd hjá Brynjari, því að það er alls ekki algengt að nýkjörnir þingmenn setjist rakleitt í ráðherrastól. Síðast gerðist það reyndar frekar nýlega, þegar Svandís Svavarsdóttir varð umhverfisráðherra árið 2009, en þá hafði það ekki gerst í sextán ár, frá því að Guðmundur Árni Stefánsson varð heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra árið 1993.



### Nokkrir til viðbótar

Næsti maður á undan Guðmundi Árna var enginn annar en Davíð Oddsson, sem fór beint í forsætisráðherrastólinn 1991, og þar áður varð Jón Sigurðsson ráðherra dómsmála, iðnaðar og viðskipta árið 1987, þá flunkunýr þingmaður. Og því næst er staðnæmst við árið 1978, þegar hvorki meira né minna en fjórir nýir þingmenn urðu ráðherrar: Svavar Gestsson, Hjörleifur Guttormsson, Magnús H. Magnússon og Kjartan Jóhannsson.



### Raunhæft?

Það er því ljóst að frá því um mitt ár 1978 – á umliðnum 35 árum – hafa fjórir þingmenn orðið ráðherrar á fyrsta degi. Þetta er því býsna langsótt metnaðarmál hjá Brynjari, en sagan sýnir að það er þó ekki fjarstæðukennt. Hvort það er raunhæft er hins vegar allt annað mál – og líklega eiga býsna margir þingmenn Sjálfstæðisflokksins tilkall til stóls á undan honum.

stigur@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Heimilisofbeldi er þjóðfélagsmein

OFBELDI



**Eygló Harðardóttir**
alþingismaður

Í rannsókn frá 2008 kom fram að frá 16 ára aldri höfðu um 20% íslenskra kvenna orðið fyrir líkamlegu ofbeldi. Algengast var að ofbeldismaðurinn væri eiginmaður, sambýlismaður eða kærasti, núverandi eða fyrrverandi og að ofbeldið ætti sér stað innan veggja heimilisins. Aðeins 22% kvennanna leituðu til samtaka eða stofnana sem aðstoða konur og 13% tilkynntu síðasta ofbeldisatvik til lögreglu, jafnvel í þeim tilvikum sem konan varð fyrir líkamstjóni eða þurfti á læknishjálp að halda.

Í 24% tilvika urðu börn vitni að ofbeldinu.

Þessi rannsókn var unnin sem hluti af aðgerðaáætlun stjórnvalda um ofbeldi karla gegn konum í nánum samböndum fyrir árin 2006 til 2011. Aðgerðaáætlunin hjálpaði til við að koma þessu samfélagsmeini meira upp á yfirborðið og leiddi einnig í ljós að margt er ógert. Samtök um kvennaathvarf hafa staðið sig frábærlega í að styðja við konur í ofbeldissamböndum og börn þeirra. En jafnframt kom fram að alltof stórum hluta af ábyrgðinni á baráttunni gegn ofbeldi í nánum samböndum væri velt yfir á samtökin. Opinberir aðilar, svo sem heilbrigðisþjónusta, félagsþjónusta og barnavernd yrðu að líta meira á þennan málaflokk sem „sinn“ og taka ábyrgð á honum.

**➜ Engar samræmdar verklagsreglur eru hjá félagsþjónustu og barnavernd um viðbrögð og afgreiðslu mála vegna heimilisofbeldis.**

Í svörum velferðarráðherra við fyrirspurn minni um heimilisofbeldi kom fram að almennt skortir skráningu á heimilisofbeldi. Hjá heilbrigðisstofnunum virðist ekkert samræmi í því hvort eða hvernig skráð er hvort einstaklingur búi við eða hafi búið við heimilisofbeldi. Engar samræmdar verklagsreglur eru hjá félagsþjónustu og barnavernd um viðbrögð og afgreiðslu mála vegna heimilisofbeldis. Engin almenn regla væri um að spyrja viðkomandi um ofbeldið, jafnvel þótt slíkt sé talin ein besta leiðin til að uppgötva það.

Hjá lögreglunni eru skráð um 1.200-1.300 tilvik heimilisofbeldis árlega. Ekki liggur fyrir hversu mörg tilvik leiddu til sakfellingar, hversu mörg til sýknu og hversu mörgum var vísað frá dómi. Frá 2011 hafa átta tilfelli um nálgunarbann og brottvísun af heimili verið skráð hjá lögreglunni.

Heimilisofbeldi er þjóðfélagsmein sem við getum aldrei sætt okkur við.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is,* Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* og Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir, ritstjórnarfulltrúi, *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **DÆGURMÁL:** Kjartan Guðmundsson *kjartan@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

**ÞRÓUN VÆNTINGAVÍSITÖLU CAPACENT GALLUP FRÁ 2003 TIL 2013**




# Rödd þjóðarinnar

KANNANIR



**dr. Tomas Bjarnason**
rannsóknarstjóri Capacent



**Einar Einarsson**
framkvæmdastjóri rannsóknasviðs Capacent

Nú þegar úrslit alþingiskosninga liggja fyrir er ljóst að þau fyrirtæki sem gerðu kannanir og birtu niðurstöður þeirra í aðdraganda kosninga geta öll verið sátt við frammistöðu sína enda voru niðurstöður kannana í vikunni fyrir kosningar mjög nálægt hinum endanlegu úrslitum. Könnun Capacent sem birt var föstudaginn 26. apríl var til dæmis mjög nærri úrslitum kosninganna og var frávik könnunarinnar að meðaltali aðeins 0,7 prósentustigum frá úrslitunum. Sama sáum við í forsetakosningunum á síðasta ári þar sem að niðurstaða mælinga Capacent var mjög nærri hinum endanlegu úrslitum.

Skoðanakannanir spila mikilvægt hlutverk í lýðræðissamfélagi. Líkt og George Gallup, upphafsmaður þeirrar aðferðafræði sem enn er notuð við kannanir, benti á sínum tíma á, þá eru kannanir fyrst og fremst „rödd fólksins“, tækifæri almennings til að koma skoðunum sínum á framfæri til stjórnvalda og fyrirtækja. Án þátttöku fólksins eru engar kannanir mögulegar og erum við hjá Capacent þakklát þeim rúmlega 9.200 Íslendingum sem tóku þátt í okkar könnunum í aðdraganda kosninga og lögðu þannig sitt af mörkum til að koma rödd þjóðarinnar á framfæri.

Fyrir tíma George Gallups reyndu þeir sem framkvæmdu skoðanakannanir að ná til sem flestra svarenda á meðan niðurstöður Gallups byggðu á slembiúrtaki sem var lýsandi fyrir þýðið. Það vakti mikla athygli þegar Gallup spáði rétt fyrir um úrslit bandarísku forsetakosninganna með sinni aðferð árið 1936. Tímaritið Literary Digest, sem þá var eitt virtasta tímarit landsins, spáði hins vegar rangt fyrir um úrslitin þrátt fyrir að hafa fengið svör frá rúmlega tveimur milljónum svarenda.

Eitt af því sem hefur verið nokkuð til umræðu fyrir þessar kosningar er hvort netkannanir séu jafn áreiðanlegar og kannanir í gegnum síma. Gagnaöflun vegna skoðana- og markaðskannana á sér í auknum mæli stað í gegnum netið þótt símakannanir, heimsóknarkannanir og póstkannanir séu jafnframt notaðar. Það sem skiptir mestu máli í þessu sambandi er ekki aðferðin við öflun gagnanna heldur það að vera annars vegar með slembiúrtak sem endurspeglar þýðið og hins vegar eins gott svarhlutfall og kostur er. Gagnaöflun í gegnum netið hefur ýmsa kosti umfram hefðbundnar símakannanir. Má þar nefna að svarandi getur svarað þegar honum hentar, gefið sér meiri tíma til að íhuga svör og áhrif spyrils eru ekki til staðar.

Í umræðunni hefur borið á því að ruglað sé saman könnunum þar sem fagfyrirtæki nota netið við gagnaöflun og könnunum þar sem spurningar eru lagðar fyrir óskilgreindan hóp á heimasíðum fyrirtækja. Hér er í raun um að ræða svipað dæmi og í bandarísku forsetakosningunum árið 1936. Þó svo að þúsundir sjálfvaldra svarenda myndu svara könnun á heimasíðu fyrirtækis er ekki hægt að alhæfa út frá slíkri niðurstöðu um þjóðina almennt.

Capacent gerir reglulega mælingar á málefnum líðandi stundar og birtir þjóðinni. Eitt af því sem er mælt og birt mánaðarlega eru væntingar fólks til framtíðarinnar, eða svokölluð Væntingavísitala Capacent Gallup. Í gegnum árin hefur það sýnt sig að væntingar fólks hafa risið í kosningamánuði en við sáum þá þróun fyrir kosningarnar 2003, 2007 og 2009. Það er hins vegar athyglisvert að fyrir þessar kosningar lækkar Væntingavísitalan lítillega í kosningamánuðinum, sem gæti bent til þess að fólk hafi dregið úr væntingum sínum til nýrra valdhafa. Í árlegum mælingum okkar á trausti til stofnana í íslensku samfélagi merktum við dvínandi traust til lykilstofnana eftir hrun, þ.m.t. til alþingis, en traust til þess hefur síðan haldist svo til óbreytt sl. fjögur ár. Athyglisvert verður að sjá hvort ný ríkisstjórn og nýtt þing nær að byggja upp traust gagnvart almenningi. Áframhald á almennri og góðri þátttöku landsmanna í skoðanakönnunum gerir okkur meðal annars kleift að fylgjast með því en, Capacent lítur á það sem mikilvægt hlutverk í íslensku samfélagi að koma skoðunum þjóðarinnar á framfæri.

**➜ Það er hins vegar athyglisvert að fyrir þessar kosningar lækkar Væntingavísitalan lítillega ...**

**Þér er boðið á tónleika í Hörpu!**

Í tilefni af **Evrópudeginum 2013** stendur **Evrópustofa** fyrir tónleikum í Eldborgarsal Hörpu, **laugardaginn 11. maí kl. 20.00.**

Þar flytur **Ungsinfónía Evrópusambandsins** tónlist með írsku stefi ásamt söngvurum **Evrópsku óperumiðstöðvarinnar.**

Hljómsveitarstjóri er Laurent Pillot.

**Aðgangur á tónleikana er ókeypis**
og hægt er að tryggja sér miða á www.harpa.is

**Ungsinfónía Evrópusambandsins** (e. European Union Youth Orchestra) sameinar hæfileikaríkasta unga tónlistarfólk Evrópu undir stjórn heimsþekktra hljómsveitarstjóra og hefur getið sér gott orð um allan heim. Vladimir Ashkenazy er tónlistarstjóri hljómsveitarinnar. Ungsinfónían er fjármögnuð með styrk frá Menningaráætlun ESB og ríkisstjórnum hinna 27 aðildarríkja ESB.

**Evrópska óperumiðstöðin** (e. European Opera Centre) var stofnuð til að brúa bilið milli náms og atvinnumennsku fyrir ungt, evrópskt afburðafólk á óperusviðinu. Hún er fjármögnuð af framkvæmdastjórn ESB og Royal Bank of Scotland.



(c) Claudia Prieler

EUROPEAN UNION YOUTH ORCHESTRA
Culture
THE EUROPEAN Opera CENTRE
Evrópustofa
Upplýsingamiðstöð ESB
European Commission
Evrópusambandið fjármagnar starfsemi Evrópustofu.

nettó
Kræsingar & kostakjör

# AMERÍSK M







**CHAMPION ÍÞRÓTTATOPPAR** 4.998KR - 6.598KR
**CALVIN KLEIN STUTTERMABOLIR, DÖMU** 4.598KR
**CALVIN KLEIN LANGERMABOLIR, DÖMU** 3.998KR
**TUMMY CONTROL JÓGABUXUR** 4.998KR
**OSCAR DE LA RENTA HLÝRABOLIR** 3.998KR
**NICOLE MILLER HLÝRABOLIR** 3.998KR



# ARKAÐSSTEMNING

## FULL BÚÐ AF SPENNANDI VÖRUM !




**WESTERN CHIEF STÍGVÉLA OG REGNHLÍFASETT** 3.998KR

**STRIDE RITE BARNASOKKAR** 2.498KR

**DISNEY BAÐ/ STRANDHANDKLÆÐI** 2.998KR

**HELLO KITTY TEIKNISETT** 3.998KR

**CHALK-A-DOOS KRÍTAR** 2.998KR

# Ekki mikið afmælisbarn

**Lögmaðurinn og fyrrverandi alþingismaðurinn Sigurður Kári Kristjánsson fagnar fertugsafmælinu sínu í dag. Hann kveðst ekki mikið afmælisbarn og stakk því af til Seattle ásamt eiginkonu sinni, Birnu Bragadóttur, á afmælisdaginn.**

„Ég bið hlutaðeigendur innilega afsökunar á því að hafa ekki planað neina veislu í tilefni tímamótanna," segir lögmaðurinn og fyrrverandi alþingismaðurinn Sigurður Kári Kristjánsson, sem á fjörutíu ára afmæli í dag.

Þegar Fréttablaðið náði tali af Sigurði var hann á leiðinni út á Keflavíkurflugvöll ásamt eiginkonu sinni, Birnu Bragadóttur, í tilefni afmælisins. Förinni er heitið til Seattle, en þangað hafa þau komið áður og heilluðust af borginni. „Þetta er frábær borg. Mátulega stór og mikið um að vera. Þetta er háskólaborg svo þar er mikið af ungu fólki. Góður matur og hægt að njóta lífsins."

Sigurður segist ekki hafa verið mikið afmælisbarn gegnum tíðina og í raun ekki hafa haldið upp á daginn síðan hann var barn. „Svo eftir tvítugt æxlaðist það yfirleitt þannig að maður var alltaf í prófum á þessum degi og ekki mikil stemning fyrir afmælishaldi," segir Sigurður og bætir við að hækkandi aldur valdi honum engum kvíða. „Mér finnst svolítið sérstakt að vera orðinn fertugur en ég sætti mig alveg við það. Það er fullt eftir. Ég man að mér fannst pabbi vera orðinn svolítið gamall þegar hann hélt upp á fertugsafmælið sitt, ætli börnunum mínum finnist það ekki líka?"

Aldur Sigurðar er kannski ekki svo hár sé hugsað til þess að hann er fyrrverandi alþingismaður. Sigurður sat á Alþingi á árunum 2003-2009 en rekur nú lögmannsstofuna Lögmenn Lækjargötu. „Það er svolítið sérstakt að eiga að baki tæpan áratug viðloðandi Alþingi enda var ég með yngri mönnum þar á sínum tíma. Nú hef ég snúið mér algerlega að lögmannsstörfum og að byggja upp stofuna með félögum mínum þar."

alfrun@frettabladid.is



**FAGNAR FERTUGU** Lögmaðurinn og alþingismaðurinn fyrrverandi Sigurður Kári Kristjánsson er fertugur í dag.

---

✝



Ástkær sonur minn og bróðir okkar,

**JÓN RÚNAR RAGNARSSON**

lést þann 6. maí á Hjúkrunarheimilinu Sóltúni. Útförin fer fram frá Dómkirkjunni í Reykjavík miðvikudaginn 15. maí kl. 15.00.

**Helga Jónsdóttir**
**Guðmundur Albert Jóhannsson**
**Jensína Sigurborg Jóhannsdóttir**

---

✝



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð við andlát og útför

**SIGRÍÐAR TÓMASDÓTTUR**
**frá Álftagróf**

Kærar þakkir til lækna og hjúkrunarfólks B2 og MND teymisins fyrir umönnun og hlýhug.

**Valdimar Gíslason**
**Tómas Valdimarsson** — **Sigríður Friðþjófsdóttir**
**Ásta Þóra Valdimarsdóttir** — **Jón Jóhannsson**
**Gísli Valdimarsson** — **Kristín Ástþórsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn**

---

✝



Okkar yndislega móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

**JÓHANNA KRISTÍN GUNNARSDÓTTIR**
**Gullsmára 10, Kópavogi,**

lést þann 30. apríl síðastliðinn á Landspítala Fossvogi. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Berglind Jóhannsdóttir** — **Jóhannes Æ. Hilmarsson**
**Freyja Jóhannsdóttir** — **Oddur S. Andersson**
**Elín Margrét Jóhannsdóttir** — **Þórhallur Ottesen**
**Gunnhildur B. Jóhannsdóttir** — **Stefán I. Stefánsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

✝



Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærs föður okkar, tengdaföður og afa,

**MAGNÚSAR Þ. KARLSSONAR**
**vélvirkjameistara.**

Sérstakar þakkir til starfsfólks Eirar (2N) fyrir kærleiksríka umönnun.

**Kristín B. Magnúsdóttir** — **Páll G. Arnar**
**Þröstur Magnússon** — **Auður Árný Ólafsdóttir**
**og barnabörn.**

---

✝



Ástkær eiginkona, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**FRÍÐA PÁLÍNA VILHJÁLMSDÓTTIR**
**Austurgötu 32, Hafnarfirði,**

andaðist sunnudaginn 5. maí. Útförin fer fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Sérstakar þakkir fær starfsfólk deildar 11E á Landspítalanum.

**Ásgeir Hólm**
**Vilhjálmur Sveinn Björnsson**
**Jóna Bryndís Gísladóttir**
**Ásgeir H. Ásgeirsson**
**barnabörn og langömmubörn.**

---



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma, dóttir og systir,

**GUÐRÚN ÁGÚSTA STEINÞÓRSDÓTTIR**
**Hólagötu 29, Njarðvík,**

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja þriðjudaginn 7. maí. Útförin verður frá Keflavíkurkirkju föstudaginn 10. maí kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlega afþökkuð en þeim sem vildu minnast hennar er bent á Björgina.

**Hafsteinn Kristinsson**
**Steinþór Grétar Hafsteinsson**
**Dagný Helga Hafsteinsdóttir** — **Valgarður Magnússon**
**Jón Haukur Hafsteinsson**
**Sunna Björg Hafsteinsdóttir** — **Óli C. Jóhannesson**
**barnabörn, barnabarnabörn**
**Steinþór Þorvaldsson**
**Pétur Ásgeir Steinþórsson** — **Guðrún Þorbjarnardóttir**
**Sigrún S. Hommerding** — **William Hommerding**

---

✝



Elskulegur eiginmaður minn,

**GUNNAR VIGGÓ FREDERIKSEN**
**Karfavogi 18, Reykjavík,**

lést á Landspítalanum við Hringbraut sunnudaginn 5. maí.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**María Elísabet Frederiksen**

---

✝



Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**ÁSTBJÖRG HALLDÓRSDÓTTIR**

lést föstudaginn 3. maí. Útförin fer fram frá Kópavogskirkju, föstudaginn 10. maí klukkan 15.00.

**Teitur Jónasson**
**Halldóra Teitsdóttir** — **Jónas Haraldsson**
**Ingveldur Teitsdóttir** — **Gunnar Torfason**
**Harald Þór Teitsson** — **Ylfa Edith Jakobsdóttir**
**og fjölskyldur.**

---

✝



Ástkær afi okkar, tengdaafi og langafi,

**BRYNJÓLFUR KARLSSON**
**fyrrverandi slökkviliðsmaður**
**Ásholti 2, Reykjavík,**

andaðist á Landspítalanum í Fossvogi mánudaginn 6. maí. Útförin verður auglýst síðar.

**Brynjólfur Hjartarson** — **Edda Björk Viðarsdóttir**
**Benedikt Hjartarson** — **Jóhanna María Vilhelmsdóttir**
**og barnabarnabörn.**

---

✝



Elsku ættingjar og vinir.
Þökkum samúð, hlýju, styrk og stuðning við skyndilegt fráfall okkar ástkæru

**LOVÍSU HRUNDAR SVAVARSDÓTTUR**
**Einigrund 14, Akranesi.**

**Svavar S. Guðmundsson** — **Hrönn Ásgeirsdóttir**
**Ásgeir Sævarsson** — **Karen Lind Ólafsdóttir**
**Heiður Sævarsdóttir** — **Ryan J. Karazija**
**Engilbert Svavarsson**
**Ólafur Ingi, Almar Kári, Úlfur Esra, Eva Hrönn**
**og aðrir aðstandendur.**

---

✝



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi,

**VALDIMAR AGNAR ÁSGEIRSSON**
**málari**
**Norðurbrún 1,**

lést á Landspítalanum sunnudaginn 5. maí. Útförin verður auglýst síðar.

**Sigurborg Valdimarsdóttir** — **Jón Ólafsson**
**Ásgeir Valdimarsson** — **Hulda Jeremíasdóttir**
**Kristján Gunnar Valdimarsson**
**Valdimar Agnar Valdimarsson** — **Helga Rúna Péturs**
**Barnabörn, barnabarnabörn**
**og barnabarnabarnabarn.**

---

✝



Áskær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, sonur, bróðir, tengdasonur og mágur,

**JÓN RÚNAR GUNNARSSON**
**Stararima 16, Reykjavík,**

lést á Landspítalanum mánudaginn 29. apríl. Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju föstudaginn 10. maí kl. 13.00.

**Marta Kristín Halldórsdóttir**
**Gunnar Birnir Jónsson**
**Kristín Sara Jónsdóttir**
**Rúna Hlíf Jónsdóttir** — **Björn Viðar Sigurðsson**
**Gunnar Magnússon**
**og fjölskyldur**

---

✝



Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærrar móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**RANNVEIGAR FANNHVÍTAR ÞORGEIRSDÓTTUR**
**frá Lambastöðum, Garði,**
**áður til heimilis Háaleiti 3c, Keflavík.**

Sérstakar þakkir fær starfsfólk Hjúkrunarheimilisins Garðvangs-Garði fyrir hlýju og alúð.

**Helga Jónína Walsh** — **Agnar Breiðfjörð Sigurvinsson**
**Walter Leslie** — **Esther Guðmundsdóttir**
**barnabörn og langömmubörn.**

---

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is**.

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000**.



## SELFRIDGES OPNAR BÍLALÚGU

**Selfridges opnar bílalúgu í janúar næstkomandi. Þá geta viðskiptavinir pantað draumavarninginn á netinu og fengið afhentan í gegnum bílalúgu með háklassaþjónustu á móttökusvæði aftan við verslunina á Oxford-stræti. Selfridges vonast til að allar vörur verslunarinnar, nema viðkvæmar matvörur, verði fáanlegar á netinu í lok árs.**


KLASSÍSKUR !
Misty - fyrir allar konur
Laugavegi 178 - Sími: 551 3366
Þú mætir - við mælum og aðstoðum
www.misty.is
Opið frá 10-18 virka daga.
Laugardaga frá kl. 10-14
Vertu vinur
Teg 81103 - létt fylltur í 70-85B, 75-90C á kr. 5.800,- buxur við á kr. 1.995,-

TÆKIFÆRISGJAFIR
TILBOÐ
Hnífaparatöskur – 12 manna
14 tegundir
Verð frá kr. 24.990
Tékk KRISTALL
Laugavegi 178 - Sími: 568 9955

Sumarkjólar og spariskór í úrvali!
TUZZI
KRINGLUNNI
SÍMI 5688777




# KANN ENGIN TRIX

**ÍSLENSK HÖNNUN** *Óskar Hallgrímsson hannar undir merkinu Angur Reykjavík. Á teikniborðinu er skatewear-lína en sjálfur kann hann ekkert á bretti. Hann segist hafa mikinn áhuga fyrir tísku og hönnun.*

Ég á hjólabretti en kann engin trix, get í mesta lagi rennt mér áfram og aftur á bak. Pælingin er samt að þetta verði að skatewear-línu,“ segir Óskar Hallgrímsson, sem silkiþrykkir á boli og peysur undir merkinu Angur Reykjavík. Óskar stundar nám í grafískri hönnun við LHÍ og má rekja upphafið að Angri til blankheita.

„Ég var svo blankur fyrir jólin að ég ákvað að stofna Jólamarkað nemenda hönnunardeildar LHÍ. Það mætti einn fyrir utan mig að selja,“ segir hann hlæjandi. „Ég átti hauskúpuhönnunina til og þrykkti hana á boli og seldi fyrir hundrað þúsund kall á tveimur dögum. Ég fann því að ég var með eitthvað í höndunum. Nú sel ég bolina í Noland í Kringlunni,“ segir Óskar, sem ætlar að verða sér úti um græjur fljótlega til að geta þrykkt meira.

„Ég á fleira til að prenta og stefni á að gera það í sumar. Ég er bara svo fátækur námsmaður að ég borða allan pening sem ég á,“ segir hann sposkur. „Ég hef verið að nýta mér aðstöðuna í skólanum en ætla að fara með dótið mitt inn á Karolinafund.com og vonast þannig til að geta fjármagnað græjur.“

Spurður hvort hann sjái sjálfan sig fyrir sér sem fatahönnuð í framtíðinni segist hann ekki líklegur til að festast í neinu ákveðnu.

„Ég hef unnið sem ljósmyndari fyrir tískuheiminn í mörg ár og spái auðvitað í tísku en ég hugsa frekar hvernig hægt er að blanda saman mismunandi sviðum og miðlum og búa þannig eitthvað til. Ég hef áhuga á hönnun en ég á ekki eftir að einskorða mig við eitthvað eitt, ekki ljósmyndun eða við grafíska hönnun heldur. Mér finnst gaman að búa til eitthvað fallegt, sama hvort það er ljósmyndir, grafík, vídeó eða hvað sem er.“

■ heida@365.is

**ANGUR REYKJAVIK** Óskar Hallgrímsson, nemi í Listaháskóla Íslands fór að þrykkja á stuttermaboli til að eiga fyrir jólagjöfum. Nú hefur hann stofnað merkið Angur Reykjavik og selur boli og peysur í Noland. Hægt er að forvitnast frekar um Angur á Facebook. MYND/VILHELM


RECOGNIZED FOR EXCELLENCE
WOMEN CERTIFIED
Reverie
Vönduð stillanleg heilsurúm.
Fyrsta sending seldist strax upp!
FULL BÚÐ AF NÝJUM VÖRUM
12 mán. vaxtalausar greiðslur*
*3.5% lántökugjald
GÓÐUR SVEFN ER HEILSUBÓT
Finndu muninn!
Ný sending
Mikið úrval af sænguverasettum
Verð frá kr. 9.900.-
Fimm stjörnu verslun
Svefn & heilsa
Baldursnesi 6 - Akureyri
Listhúsið - Reykjavík
MIKIÐ ÚRVAL AF STILLANLEGUMUM HEILSURÚMUM OG SVEFNSÓFUM MEÐ VÖNDUÐUM DÝNUM Á VERÐI SEM KEMUR Á ÓVART!
Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233
Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150
Opið virka daga kl. 10:00 - 18:00
Laugardaga 12:00 - 16:00
www.svefn.is
Umboðsaðilar: Reynisstaður - Vestmannaeyjum | Húsgagnaval - Höfn í Hornafirði | Lúxus húsgögn - Egilsstöðum







# NEKTARMYND Í MORGUNGJÖF

**LJÓSMYNDUN** *Anna Ellen Douglas ljósmyndari segir æ algengara að konur láti taka af sér svokallaðar „boudoir"-myndir og gefi unnustum og eiginmönnum. Myndirnar eru síðan oft hengdar fyrir ofan hjónarúmið.*

Boudoir-myndatökur hafa lengi verið vinsælar erlendis en íslenskar konur hafa verið að taka við sér síðustu ár. Nú eru svona myndatökur orðnar nokkuð algengar hjá mér," segir Anna Ellen Douglas ljósmyndari, sem rekur Stúdíó Douglas og hefur sérhæft sig í að taka kynþokkafullar myndir af konum. Ekkert gott íslenskt orð er til yfir boudoir að sögn Önnu en bein þýðing er dyngja. „Boudoir-myndir eru rómantískar og kynþokkafullar," útskýrir Anna, en slíkar myndir segir hún konur gefa unnustum sínum og eiginmönnum í morgungjöf, afmælisgjöf eða á brúðkaupsafmælum. Einnig eru sumar sem láta taka myndir bara fyrir sjálfar sig.

En hvernig kom það til að Anna fór að taka slíkar myndir? „Ég byrjaði á því að taka listrænar nektarmyndir og hugsaði þær fyrir sýningar. Síðan fór ég að fá fyrirspurnir frá konum sem vildu fá slíkar myndir af sér og komu þá með undirföt í myndatökur, oft brúðarnærföt," svarar Anna, sem hefur tekið slíkar myndir í brátt sjö ár.

Og hvernig taka eiginmennirnir slíkum gjöfum? „Ég fæ að heyra að þeim þyki gjöfin æðisleg. Stundum hafi þeir beinlínis tárast. Sumir verða líka mjög hissa," segir Anna glaðlega. Innt eftir því hvort enginn þeirra verði feiminn við að fá svo persónulega gjöf svarar Anna því neitandi. „Stundum hefur komið fyrir að þeir hafi spurt út í ljósmyndarann, hvort hann hafi verið karl eða kona," segir hún og hlær.



Anna segir algengt að myndirnar séu hengdar upp fyrir ofan hjónarúmið. „Þetta eru það smekklegar myndir að þær gætu alveg hangið frammi í stofu," segir Anna, en algengara er að



**LJÓSMYNDARI** Anna Ellen Douglas, ljósmyndari hjá Stúdíó Douglas.

listrænni og ópersónulegri myndirnar endi þar. „Konurnar fá síðan albúm með fleiri myndunum úr tökunni. Sumar þeirra eru mjög persónulegar og eru meira ætlaðar fyrir pörin sjálf."

En eru konurnar ekkert feimnar í myndatökunni? „Þær eru oft stressaðar fyrir myndatökuna en þegar þær eru mættar á staðinn og ég er byrjuð að mynda hverfur stressið. Oft fara konurnar líka í hárgreiðslu og förðun, sem fer fram á stofunni og tekur klukkutíma. Þá hefur maður tíma til að spjalla og kynnast. Þetta verður oft mjög skemmtilegt."

Anna tekur að sjálfsögðu að sér annars konar myndatökur, barna-, fjölskyldu- og brúðarmyndir. „Stundum hef ég tekið myndir í brúðkaupum kvennanna sem ég hef tekið myndir af fyrir morgungjöfina. Þá þykist ég ekkert þekkja brúðina," segir hún glaðlega. ■ solveig@365.is






2 SPORT HD SUNNUDAG KL. 11:30

KRAFTUR Í KATALÓNÍU

Misstu ekki af æsispennandi kappakstri í Formúlu 1. Allt í beinni útsendingu frá Katalóníu í leiftrandi háskerpu.

Í OPINNI DAGSKRÁ.

Arion banki ORKA

Fáðu þér áskrift
512 5100
stod2.is

2 SPORT HD


**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Jónína María Hafsteinsdóttir, jmh@365.is,** s. 512 5473
**Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is,** s. 512 5432
**Elsa Jensdóttir, elsaj@365.is,** s. 512-5427 | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**

## Bílaþjónusta




## Vagnar




## Varahlutir

**EÐAL PARTAR**
Eigum varahluti í margar tegundir af Mercedes Benz og marga fleiri bíla. Kaupum bíla til uppgerðar og niðurrifs. Opið frá kl. 10-18 virka daga. Auðbrekka 4 (bakvið) S. 555 1159.

Viðgerðir - Varahlutir í VW Golf, Póló, Yaris, kangoo. Renni diska og skálar. Óska eftir Toyotu Yaris til viðgerðar eða niðurrifs. S. 892 7852

Ódýrir varahlutir og dekk í ýmsa bíla s: 896 8568.

**SMÁPARTAR.IS**
Eigum mikið úrval af varahlutum í Subaru árg. ,97 til ,02, Skoda Octavía árg. ,00 til ,07. Honda CR-V árg. ,05.W Polo ,07 Passat ,01. Suzuki Baleno árg. ,00. Smápartar.is Sími 5675040-7785040.

Eigum varahluti í þessa bíla. Kaupum bíla í niðurrif. Toyota 96-07, Subaru 95-05, Nissan 96-04, Mitsubishi 96-02, Ford 98-07, Mazda 323 95-99. Kia Sportage 97-02, Peugeot 96-01. Opið á laugardögum 10-16. Bílar og Partar, Iðavellir 9c, 230 Reykjanesbæ 421-7979 www.bilarogpartar.is

## Pípulagnir

**FAGLÆRÐIR PÍPARAR**
Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnaþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

**PÍPULAGNIR**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 663 5315 & 699 6069.

**GAUI PÍP**
Getur bætt við sig verkefnum endurlagnir, viðgerðir, skólp, dren, snjóbræðsla. Uppl. s. 821 5789

## Hreingerningar

Flutningsþrif, Gólfbónun, Teppahreinsun og Gluggaþvottur. Gerum verðtilboð. www.hreingerningar.is S. 772 1450

## Garðyrkja

GARÐLIST 554 1989
ALHLIÐA GARÐÞJÓNUSTA www.gardlist.is







Smávélaviðgerðir, viðgerðir á utanborðsmótorum: Garðsláttuvélar, sláttuorf, sláttutraktorar, jarðvegsþjöppur, Gokartþjónusta, keðjusagir, rafstöðvar, einnig viðgerðir á fjórhjólum. JS Vélaverkstæði. S. 554 0661.




Tökum að okkur allt sem viðkemur garðinum, auk allrar almennrar smíðavinnu - lögg. húsasmíðameistari. Vanir menn, snör handtök. S. 824 1238.

**ÓDÝR GARÐSLÁTTUR**
Ódýr og mjög vandaður garðsláttur fyrir húsfélög og einstaklinga. Engi ehf, sími 615-1605

**ER ÖSPIN TIL AMA ?**
Fellum og fjarlægum tré. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 773 0317.

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

**SKATTFRAMTAL 2013**
Framtalsþjónusta fyrir einstaklinga og rekstraraðila. Mikil reynsla - hagstætt verð. Uppl. í síma 517-3977 / 897-1877. www.fob.is.

## Málarar

**REGNBOGALITIR MÁLNINGARÞJÓNUSTA**
Getum bætt við okkur verkefnum. Uppl. s. 891 9890. malarar@simnet.is

**MÁLARAMEISTARI**
Geri tilboð í allt sem tengist málningarvinnu og sandsparsli. Heiðarleiki, fagmennska og sanngjarnt verð. Hilmar S: 851-1960. hilmarmichaelsig@gmail.com

**MÁLNINGARÞJÓNUSTA REYKJAVÍKUR**
20% afsláttur fyrir eldriborgara og öryrkja. Alhliða málningarþjónusta. S. 778 0100.

Almenn málningarvinna utan sem innan. Tilboð í síma 8935537 og arno@internet.is Arnar Málarameistari.

**MÁLARAMEISTARI**
Tek að mér alla almenna málningarvinnu f. húsfélög, einstaklinga og fyrirtæki. Fagmennska og sanngjarnt verð. Egill s. 868 5171 & egillsverris@gmail.com

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald

**VERKSTOÐ EHF**
Almenn smíðavinna.
Nýsmíði/Viðhald
Getum bætt við okkur verkefnum.
**Uppl. í s. 840 1112 & 840 1113**



Parket og sólpallaslípun um allt land.20 ára reynsla og þjónusta. Hágæða efni eins og Junckers og Bona. www.parketmeistarinn.is 7728100. Geymið auglýsinguna. Smíðum gólfefnalista eftir máli.



Parket og sólpallaslípun um allt land. Alltaf besta verðið. www.parketmeistarinn.is 7728100.

K.R.S. ELDON MÚRVERKTAKAR. Múrviðgerðir og flísalagnir. Vönduð vinna Tilb./tímav. S. 899-4254.

**Gluggar - hurðir - veggir - gólf. Gerum tilboð. Smíðalausnir. S. 899 3011.**

## Spádómar

Símaspá, spái í spil, ræð drauma, ekkert mínútu gjald. Tímapantanir. S. 891 8727 Stella.

## Rafvirkjun

**RAFVIRKJAR S. 618 2610**
Tökum að okkur alla almenna raflagnavinnu, nýlagnir og töflusmíðar. Eignaverk löggiltir rafverktakar.

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

**AH-RAF LÖGGILDIR RAFVERKTAKAR.**
Dyrasímakerfi, töfluskipti og öll almenn raflagnavinna. Tilboð/tímavinna ahraf@ahraf.is Hermann s: 845-7711 Arnar s: 897-9845.

## Önnur þjónusta

ÍSLENSKA GÁMAFÉLAGIÐ

**PARFNAST BÍLAPLANIÐ ÞRIFA EÐA VIÐHALDS?**
Við bjóðum upp á eftirfarandi:
Götusópun
Gangstéttarsópun
Þvott á götum, bílastæðum og gangstéttum Málun og merkingar á bílastæðum
Malbiks- og kantsteinaviðgerðir
Grasslátt og umhverfishreinsun
**Allar nánari upplýsingar veita ráðgjafar Íslenska Gámafélagsins. www.gamur.is S: 577 5757 eða gamur@gamur.is**

Blekhylki.is
Ódýr blekhylki í flesta prentara, ný verslun í Hagkaup Smáralind, einnig á Fjarðargötu 11 Hf og í síma 517-0150.



**VALDÍS ÁRNADÓTTIR DÁLEIÐSLUTÆKNIR (CLINICAL HYPNOTHERAPIST) VEITIR DÁLEIÐSLUMEÐFERÐ.**
Viltu léttast, takast á við kvíða, streytu, sjálfstraust, hætta að reykja o.fl. Dáleiðsla er gott verkfæri til betri heilsu.
**Tímapantanir í síma 864-1273**

**ÓDÝR HEIMILSTÆKI**
Þvottavélar, þurrkarar, ísskápar og fl. Ábyrgð fylgir. S. 845 5976.

**ÓDÝR HEIMILISTÆKI**
Þvottavélar, ísskápar, þurrkara 10 KG, uppþvottavélar, Ford Exblorer ,97 nýskoðaður ,14, frystikista, eumenia með þurrkara, eldavélar, hjólastóll, mikið af ódýrum dekkjum og felgum. S. 896 8568.

# KEYPT & SELT

## Til sölu



**9. MAÍ LAGERHREINSUN**
Bara þennan eina dag Kjóll á mynd 1.998,- m/afsl. Lufsa 2.995,- m/afsl. Verð á lagerhreinsun: 495,- til 2.995,- 30% afsláttur af öllum öðrum vörum. Súpersól Hólmaseli 2 587-0077 / 567-2077 Erum á facebook.




Lausfrystar, kæli- og frystiklefar. Hægt er að fá klefana með eða án vélakerfis. Íshúsið ehf, www.ishusid.is, S:566 6000.




Öflugir loftskipti blásarar. Úrval barka og tengja. Verð frá 29.900 m vsk. Íshúsið ehf, www.ishusid.is, S:566 6000.

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**
**s. 552-4910.**

**KAUPI GULL !**
Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peningana og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.
**Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

**STAÐGREIÐUM GULL, DEMANTA OG ÚR.**
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! www.kaupumgull.is
**Opið alla daga 11-18, Kringlan - 3. hæð ( Hagkaupsmegin )**
**Upplýsingar í síma 661 7000.**

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

## Verslun




# HEILSA

## Heilsuvörur

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

Árangur næst með Herbalife. Frítt lífstílsmat. Hringdu núna S. 896 4662 Edda Borg & www.lifsstill.is

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd

**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir þör, konur og karla. 112 Reykjav. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**LEIGJENDUR, TAKIÐ EFTIR!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

## Húsnæði óskast

Óskar eftir herbergi eða studio íbúð sem fyrst. Sími: 820-8236.

Óska eftir 4 herb. íbúð helst í Grafarvogi til leigu frá 1 september ath leita eftir langtímaleigu Meðmæli ef óskað er Uppl. í síma 772-6658.

Tveir reglusamir einstaklingar sem eru í vinnu óska eftir íbúð til leigu. Greiðslugeta 100-140 þús. Reglusemi og skilvísum greiðslum heitið. Uppl. í s. 844 6547.

KK óska eftir herbergi með sérinngangi á höfuðborgarsvæðinu, má þarfnast lagfæringar. Meðmæli frá fyrirverandi leigusala. S. 865 3346.

## Atvinnuhúsnæði

**TIL LEIGU MIÐSVÆÐIS Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU**
20 - 50 fm vel staðsettar skrifstofur eða skrifstofuhæðir 3 - 400 fm með glæsilegu útsýni, fjölmörg bílastæði, greið aðkoma að húsnæðinu, matvöruverslanir, veitinga og kaffihús í göngufæri. Möguleiki á að leigja stakar skrifstofur eða heila hæð.
**Allar nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661-7000**

## atvinna

# MÓTTÖKURITARI HJÁ SÓMA

Óskum eftir móttökuritara á skrifstofu Sóma ehf. Starfið felur í sér almenna símasvörun, móttöku viðskiptavina og bílstjóra, tölvuvinnslu oflr.

Viðkomandi þarf að hafa almenna tölvukunnáttu og geta unnið sjálfstætt. Unnið er með Navision Dynamics, MS Outlook, Excel og Word. Vinnutími er frá 8 til 16.

Tekið er á móti umsóknum til 15. maí á staðnum eða á siggi@somi.is

SÓMI

Gilsbúð 9, 210 Garðabæ, sími, 565 6000, www.somi.is

## flóamarkaður



**TIL LEIGU MIÐSVÆÐIS Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU**

150 - 750 fm húsnæði sem hægt er að nýta sem lagerhúsnæði, fyrir léttan iðnað eða verkstæði. Öflugt loftræstikerfi, niðurföll með olíugildrum, stórar innkeyrsludyr, allt að 4 metra lofthæð, greið aðkoma að húsnæðinu, matvöruverslanir, veitinga og kaffihús í göngufæri.

**Allar nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661-7000**

## Bílskúr

Óska eftir bílskúr eða geymsluplássi fljótlega í breiðholti. Uppl. í síma 897 0813 eða 552 2441 næstu daga frá 12-20.

## Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**

Sér geymslur frá 3.900. 1 til 17m2. Aðgangur kl. 8-22 alla daga. Ný sérhönnuð geymsluhús, upphitað og vaktað. S: 564-6500.

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**

Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**GEYMSLULAUSNIR.IS**

Búslóðageymsla og flutningar. Gott verð, sækjum og sendum. S. 615-5005.

**GEYMSLUR.COM**

Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

## Gisting



**STYKKISHÓLMUR - FRÍTT GOLF-**

Eðalgisting í Stykkishólmi með heitum potti. Gistiaðstaða fyrir allt að 7 manns. Dags- helgar- og vikugisting til loka maí, vikugisting júní/júlí/ágúst/september. Sund, gönguferðir, sæferðir og veitingarstaðir á heimsmælikvarða. s. 8613123 og www.orlofsibudir.is

## Atvinna í boði



Skalli
SÁ SVALASTI Í BÆNUM

**SKALLI ÖGURHVARFI**

Óska eftir starfsfólki í afgreiðslu og eldhús. Uppl á staðnum.

Óskum eftir fólki í afgreiðslu, einnig í pizzabakstur. Uppl. sendist á hroifakafen@gmail.com

**VERSLUNIN KVOSIN, INGÓLFSTORGI.**

óskar eftir framtíðar starfsmönnum í hlutastörf í kaffihúsi og verslun. Reynsla úr bakarí er kostur fyrir kaffihúsið. Viðkomandi verður að vera 18 ára eða eldri, reyklaus og með mikla þjónustulund.

**Áhugasamir sendið uppl. og ferilsskrá á netfangið telma@kvosin.is**

Framtíðarstarf. Heildsala óskar eftir starfskrafti í 70% vinnu. Umsóknir og upplýsingar sendist til thjonusta@365.is merkt „heildsala"

## Atvinna óskast

Nemi í húsgagna- og innréttingasmíði frá Tækniskólanum óskar eftir í vinnu. Uppl. í s. 841 2140, Jógvan Símonsen

## TILKYNNINGAR

## Einkamál

**HUGGULEG KONA**

leitar tilbreytingar með karlmanni. Rauða Torgið, 905-2000, 535-9920, #8566.

**HEIT KONA (34)**

leitar einhleyps karlmanns. Rauða Torgið, 905-2000, 535-9920, #8857.

**SLÖKUNARNUDD,**

Kona auglýsir nudd. Rauða Torgið, 905-2000, 535-9920, #8357.

**HLIÐARSPOR? ÆVINTÝRI?**

Auglýstu frítt hjá Rauða Torginu, s. 5535-9922.

# Þjónustuauglýsingar

Sími 512 5407

**Reiðhjóla og sláttuvélaþjónustan**
**Enginn biðtími !**
Tek við öllum gerðum af reiðhjólum, og sláttuvélum. Einnig aðrar smávéla viðgerðir.
Reiðhjólaþjónustan • Vagnhöfða 6 • S. 821 0040

tilboðið gildir gegn framvísun miðans
XPRENT stofnað 2010
50% afsláttur af sandblástursfilmum í maí, skoðið úrvalið á: www.xprent.is
xprent@xprent.is - s. 777 2700 - Sundaborg 1 - 104 Reykjavík



**Dáleiðsla**
Beri svefn - hætta að reykja - léttast / þyngjast og láta sér líða betur á margan annan máta
Ingibjörg Bernhöft hjúkrunarfr. og dáleiðslutæknir.
S.864 2627 • bernhoft@gmail.com

**PALLAR.IS**
Ál hjólapallar / veggjapallar
Veðurnet / Öryggisnet
Áltröppur / stigar
SALA LEIGA
altrex KVARNIR Akralind 8
▸ www.kvarnir.is ▸ Sími: 564 6070

**HANDVERKSHÚSIÐ**
NÝ OG STÆRRI VERSLUN!
NÁMSKEIÐ
Dalvegi 10-14 (aftan við Kost) - 201 Kópavogi - s: 555-1212
Vefverslun: handverkshusid.is

Kaupum
**MÆÐRABLÓMIÐ**
og styrkjum efnalitlar konur á Íslandi til náms
Sérhannað Mæðrablóm selt í Kringlunni um helgina og í skamman tíma hjá: Iðu, Máli og menningu, Sigurboganum, Kraumi Þjóðminjasafninu og völdum Lyfju, Apóteks og Eymundsson verslunum

**STERK LOK á alla heita potta.**
Eitt verð á öllum stærðum
Framleiðum lokin eftir málum.
Sterkasta áklæðið á markaðnum sem þolir vel raka- klór og veðráttu.
(Myndir á facebook)
Tjalda og Seglaþjónustan
Kristinn 899-6277 - 461-5077 Tjalda@simnet.is

· Hjólbarðaviðgerðir
· Smurþjónusta
· Bremsur
· Demparar
· Rafgeymar
· o.fl.
HJÓLBARÐA GRAFARVOGS VERKSTÆÐI
Gylfaflöt 3
Grafarvogi
Sími 567 4468
dekk@gummisteypa.is
GENERAL HJÓLBARÐAR

• Almenn raflagnaþjónusta
• Nýlagnir
• Teikningar
• Endurnýjun á eldra húsnæði
• Dyrasímaþjónusta
RAFRÓS Löggiltur rafverktaki
S: 544 4099 - 893 5565

**SPARAÐU BENSÍN!**
Metan uppfærðu bílinn þinn
Bjóðum hátækni búnað frá Bigas International srl, einum þekktasta framleiðanda á gas búnaði fyrir bifreiðar í Evrópu. Leitið tilboða í búnað og ísetningu – sparið með Metan
Lán til allt að 48 mánaða
bigas
VélRás Velras.is • Sími: 555 6670 • Álhella 4

**VARAHLUTIR**
Iveco • Benz • Man • Renault
*Varahlutaþjónusta*
VÉLANAUST ehf
Álhella 4 • Símar 555 6670 • 892 3996 • www.velanaust.is

**Iveco**
Viðgerðar- og varahlutaþjónusta
VélRás
Sími 555 6670 • www.velras.is • Álhella 4 • Álhella 8

CMT ORANGE TOOLS
**CMT sagarblöð og fræsitennur**
Ásborg vélar og verkfæri
Smiðjuvegi 11 S 5641212

**Eftirlitsmyndarvél fyrir sumarbústaði og heimili.**
• Tekur venjulegt GSM SIM kort.
• Hægt að panta mynd eða hlusta svæði.
• SMS og MMS viðvörun í síma og netf.
• Lætur vita ef rafmagn fer af og hiti breytist.
• Hægt er að tengja allt að 15 auka skynjara.
• Vöktun á heitum potti, raka, þrýstingi o.fl.
• Stýring á hita, kveikja ljós, renna í pottinn.
Uppl. í síma 699-6869 og www.rafeindir.is

**ER BÍLSÆTIÐ RIFIÐ ?**
Viðgerðir á öllum gerðum af bíla-, mótorhjóla og snjósleðasætum. Húsbílaklæðningar og öll almenn bólstrun. Við erum þekktir fyrir fljóta og góða þjónustu.
Formbólstrun
Hamraborg 5 kóp, Hamrabrekkumegin S. 544 5750 www.hsbolstrun.is

BRA
BÍLASPRAUTUN OG RÉTTINGAR AUÐUNS
Nýbýlavegi 10 - Kóp. - S. 554 2510
TOYOTA-þjónusta www.bilasprautun.is

**Allt á einum stað**
BREMSUVIÐGERÐIR | HJÓLBARÐAÞJÓNUSTA
BREMSUKLOSSAR | RAFGEYMAÞJÓNUSTA
SPINDILKÚLUR | OLÍS SMURSTÖÐ
ALLAR PERUR | BÓN OG ÞVOTTUR
SMUR- BÓN OG DEKKJAÞJÓNUSTA
SÆTÚNI 4 • SÍMI 562 6066

**Rafstilling ehf**
startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991
rafstilling@rafstilling.is

**Alla fimmtudaga og laugardaga**

arnarut@365.is sigrunh@365.is

# BAKÞANKAR

**DÓRA DNA**



## Bakarinn á Nørregade

Ég hafði gaman af dönsku í grunnskóla. Mál og menning þjóðarinnar lagðist vel í mig, mamma hlýddi mér yfir og yfirleitt fékk ég hæstu einkunnirnar í dönsku. Þetta dönsku-lán elti mig svo í framhaldsskóla. Eftir stúdentspróf í dönsku bætti ég við mig fleiri áföngum.

**TÓK** H.C Andersen áfanga – danska 403. Þar var aðeins ég og krakkar sem höfðu búið í Danmörku og smitast af danska yfirlætinu. Öll kennslan fór fram á dönsku og yfirleitt leið mér eins og ég væri innflytjandinn í bekknum.

**SAMT** tala ég glataða dönsku. Þrátt fyrir að ferðast um það bil tvisvar á ári til Kaupmannahafnar. Alltaf jafn vongóður um að nú muni þeir skilja mig. Mesta sjokkið kom eiginlega síðasta sumar þegar við í Mið-Íslandi fórum út til Hafnar (eins og Fjölnismenn) að vinna grín með einhverjum Dönum. Bláeygðir reyndum að tala þeirra tungu og ganga í augun á þeim en allt kom fyrir ekki. Þeir hlógu upp í opið geðið á okkur þegar við reyndum að tala við þá. Svona eins og þeir væru að horfa á hund sem einhver hafði sett á derhúfu. Og við móðguðumst svo að samstarfið fór aldrei á flug. Seinna, þegar við leituðum skjóls uppi á hóteli, þá stoppaði hótelstýran okkur. Við enduðum á að spjalla við hana í 45 mínútur – og það á dönsku. Hún var 75 ára.

**VIÐ** lærum nefnilega ekki nútímadönsku á Íslandi. Við lærum einhverja Tívolí – Matador dönsku. Dönsku sem var töluð miklu hægar og skýrar en hún er gerð í dag. Þess vegna svimar okkur þegar við horfum á Borgen án texta. Danskan sem við lærum var töluð af ligeglad Dönum, sem er næstum útdauður stofn. Við lærum síldardönsku, ekki sushi-dönsku. Svo í guðanna bænum hættið að kenna íslenskum ungmennum að það sé bakari á Nørregade sem bakar kringlur og jólakökur því hann er farinn. Þar eru í mesta lagi tveir útskúffaðir innflytjendur, framagjörn bissneskona og hipster með pirrandi hárgreiðslu og tattúeraða framhandleggi. Og hann skilur ekki orð af því sem þú segir.

# MYNDASÖGUR

### PONDUS

Eftir Frode Øverli




### HANDAN VIÐ HORNIÐ

Eftir Tony Lopes




### BARNALÁN

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




# SUDOKU

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 4 | | | 9 | | | | 7 |
| 5 | | 8 | | 1 | 7 | | | 9 |
| 6 | | | | | | 8 | | |
| 7 | 8 | | 5 | | | | 3 | |
| 3 | | | 4 | | 2 | | | |
| 2 | | | | | | | | |
| | | | 3 | | 6 | 9 | 8 | |
| | | | 9 | 5 | | | | |
| | 5 | 3 | | 8 | 1 | 2 | 6 | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | | 5 | | 2 | | | | |
| 2 | | | | | 8 | | 9 | |
| 6 | | 8 | 1 | | 3 | | | |
| 9 | | | | 5 | 2 | 3 | 1 | |
| | 6 | | | 3 | | | | 8 |
| | | 2 | | | 1 | | | |
| 5 | 1 | | 9 | 6 | | | | 2 |
| | | | | | | 4 | | 1 |
| | | 6 | | | 7 | | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | | | 1 |
| | | | 7 | 9 | | | | 8 |
| | | 5 | 3 | | 6 | | | |
| | | | | 5 | | 3 | 1 | 9 |
| | 8 | | | | 9 | 7 | | |
| | | 1 | 2 | | 3 | | 5 | |
| | 3 | | | 2 | | | 8 | |
| 9 | | | | | | 4 | | |
| 1 | | 2 | 8 | | | | | 6 |

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 1 | 4 | 8 | 2 | 9 | 5 | 7 | 3 |
| 8 | 2 | 5 | 7 | 3 | 6 | 9 | 4 | 1 |
| 3 | 7 | 9 | 4 | 1 | 5 | 2 | 6 | 8 |
| 1 | 4 | 7 | 5 | 6 | 8 | 3 | 2 | 9 |
| 9 | 8 | 6 | 2 | 7 | 3 | 4 | 1 | 5 |
| 5 | 3 | 2 | 1 | 9 | 4 | 6 | 8 | 7 |
| 4 | 5 | 1 | 9 | 8 | 2 | 7 | 3 | 6 |
| 7 | 9 | 3 | 6 | 4 | 1 | 8 | 5 | 2 |
| 2 | 6 | 8 | 3 | 5 | 7 | 1 | 9 | 4 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 9 | 6 | 8 | 2 | 1 | 4 | 5 | 3 |
| 8 | 3 | 4 | 6 | 9 | 5 | 7 | 1 | 2 |
| 1 | 2 | 5 | 7 | 3 | 4 | 6 | 9 | 8 |
| 5 | 4 | 7 | 3 | 6 | 9 | 8 | 2 | 1 |
| 9 | 6 | 1 | 4 | 8 | 2 | 3 | 7 | 5 |
| 2 | 8 | 3 | 5 | 1 | 7 | 9 | 4 | 6 |
| 3 | 5 | 2 | 9 | 4 | 8 | 1 | 6 | 7 |
| 4 | 7 | 8 | 1 | 5 | 6 | 2 | 3 | 9 |
| 6 | 1 | 9 | 2 | 7 | 3 | 5 | 8 | 4 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 3 | 6 | 4 | 5 | 9 | 2 | 8 | 1 |
| 8 | 2 | 4 | 1 | 7 | 3 | 9 | 6 | 5 |
| 9 | 1 | 5 | 6 | 8 | 2 | 3 | 4 | 7 |
| 5 | 8 | 2 | 7 | 9 | 6 | 4 | 1 | 3 |
| 1 | 4 | 9 | 3 | 2 | 8 | 5 | 7 | 6 |
| 6 | 7 | 3 | 5 | 4 | 1 | 8 | 9 | 2 |
| 2 | 9 | 7 | 8 | 1 | 5 | 6 | 3 | 4 |
| 4 | 6 | 8 | 2 | 3 | 7 | 1 | 5 | 9 |
| 3 | 5 | 1 | 9 | 6 | 4 | 7 | 2 | 8 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

# KROSSGÁTA

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT 2.** plat, **6.** klukka, **8.** skip, **9.** skyggni, **11.** slá, **12.** óróleg, **14.** rófa, **16.** verslun, **17.** af, **18.** eyrir, **20.** pfn., **21.** krukka.

**LÓÐRÉTT 1.** íþrótt, **3.** frá, **4.** trjátegund, **5.** hrökk við, **7.** starfræksla, **10.** kusk, **13.** skarð, **15.** rótartauga, **16.** hryggur, **19.** ullarflóki.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** gabb, **6.** úr, **8.** far, **9.** der, **11.** rá, **12.** ókyrr, **14.** skott, **16.** bt, **17.** frá, **18.** aur, **20.** ég, **21.** krús.

**LÓÐRÉTT: 1.** júdó, **3.** af, **4.** barrtré, **5.** brá, **7.** rekstur, **10.** ryk, **13.** rof, **15.** tága, **16.** bak, **19.** rú.

# SKÁK

**Gunnar Björnsson**

**EM einstaklinga hófst síðastliðinn sunnudag í Legnica í Póllandi. Alþjóðlegu meistararnir Guðmundur Kjartansson og Dagur Arngrímsson eru fulltrúar Íslands á mótinu.**

**Í skák dagsins hefur Guðmundur svart gegn enska stórmeistaranum Dawid Howell á Hastings-mótinu í fyrra.**



Guðmundur lék 45.-d3! og eftir 46. Kxd2 Dxc2+ 47. Ke3 De2+ 48. Kf4 d2 49. Dg8+ Ka7 gafst Howell upp, þar sem svarta d-peðið verður ekki stöðvað.

**www.skak.is** Hægt er að fylgjast með framgöngu þeirra félaga á www.skak.is.



netto
Kræsingar & kostakjör



# KJÚKLINGUR
STEIKTIR BBQ VÆNGIR/FATA

**398**
ÁÐUR 698 KR/KG

43% AFSLÁTTUR



LAMBAHRYGGUR
FYLLTUR
**2.479**
ÁÐUR 3.099 KR/KG



GRÍSAMÍNÚTUSTEIK
**1.497**
ÁÐUR 2.139 KR/KG
30% AFSLÁTTUR



28% AFSLÁTTUR
FERSKT LAMBA PRIME
M/HVÍTL OG RÓSMARÍN
**2.699**
ÁÐUR 3.749 KR/KG



LONDONLAMB
**1.697**
ÁÐUR 2.459 KR/KG
31% AFSLÁTTUR



KJÚKLINGABRINGUR
DANSKAR 900GR
**1.494**
ÁÐUR 1.698 KR/PK



JARÐARBER 250 GR ASKJA
**249**
ÁÐUR 498 KR/ASKJAN
50% AFSLÁTTUR



KH BLÁLANGA
**1.090**
ÁÐUR 1.398 KR/KG



KH STEINBÍTUR
**779**
ÁÐUR 1.198 KR/KG
35% AFSLÁTTUR



USA KLEINUHRINGIR
BAKE OFF
**95**
ÁÐUR 189 KR/KG
50% AFSLÁTTUR




PEPSI/PEPSI MAX
33CL DÓS
**79**
ÁÐUR 99 KR/STK




NATROL ACAI
BRENNSLUTÖFLUR
60 HYLKI
**2.990**
KR/PK

HYDROXYCUT
WILDBERRY 21 BRÉF
**5.990**
KR/PK

**Tilboðin gilda 8.maí - 12.maí**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.



**SPRUNGIN HIMNA** Æfingar hófust í gær á gjörningnum Sprengd hljóðhimna vinstra megin. Sömu leikarar taka þátt í gjörningnum. Frá vinstri: Edda Arnljótsdóttir, Stefán Jónsson, Guðrún S. Gísladóttir, Arnar Jónsson, Kristbjörg Kjeld, Guðný Helgadóttir og John Speight. Stjórnandi er Þórunn S. Þorgrímsdóttir.

# Litið yfir verk sem eru ekki til

**Lúðurhljómur í skókassa nefnist yfirlitssýning á gjörningum Magnúsar Pálssonar á Listahátíð í Reykjavík. Fimm af sautján gjörningum Magnúsar 1980 til 2013 verða endurgerðir og nýtt verk frumflutt. Áherslan lögð á að velta upp nýjum hliðum á gömlum verkum.**

Magnús Pálsson er einn áhrifamesti listamaður síðustu sex áratuga á Íslandi. Hann hefur alla tíð starfað á mörkum leikhúss, tónlistar og myndlistar og er þekktastur fyrir gjörningahverfa skúlptúra á 8. áratug síðustu aldar og gjörninga síðustu þriggja áratuga.

Sýningin Lúðurhljómur í skókassa verður smám saman til fyrir augum áhorfenda í Hafnarhúsinu vikuna 18. til 25. maí í Listasafni Reykjavíkur, þar sem fimm gjörningar Magnúsar verða endurfluttir í nýrri mynd og einn frumfluttur. Sýningin er hluti af Listahátíð í Reykjavík en Hanna Styrmisdóttir, listrænn stjórnandi hátíðarinnar, er jafnframt sýningarstjóri Lúðurhljóms í skókassa, ásamt Jóni Proppé listfræðingi.

„Við Magnús höfum spjallað um ýmislegt í gegnum í gegnum tíðina,“ segir Hanna. „Í febrúar 2011 bað hann mig um að vinna með sér að sýningu í Kling og Bang 2012. Ég hafði gengið með hugmynd að yfirlitssýningu á verkum hans í maganum og ámálgaði hana við hann. Honum leist vel á og við fórum að þróa þetta nánar saman í ársbyrjun 2012 í samstarfi við Listahátíð í Reykjavík, Listasafn Reykjavíkur og á tímabili Borgarleikhúsið, auk þess sem ég fékk Jón Proppé til liðs við mig við sýningarstjórnina.“



**SPRENGD HLJÓÐHIMNA VINSTRA MEGIN** Fyrst flutt á Litla sviði Þjóðleikhússins í samstarfi við Alþýðuleikhúsið árið 1991.



**HANNA STYRMISDÓTTIR** Er sýningarstjóri ásamt Jóni Proppé.

Hanna segir að það kunni að hljóma mótsagnakennt að setja upp yfirlitssýningu á gjörningum, sem eru í eðli sínu einstakur viðburður sem verður til í augnablikinu.

„Það er því ekki hægt að draga fram gömul verk og raða þeim saman, því þau eru einfaldlega ekki til.“ Hins vegar eru til mjög útfærð handrit að gjörningunum, sem hægt er að hafa til hliðsjónar við endurflutningin.

„Magnús hefur hins vegar engan áhuga á því að endurtaka gjörning eins og hann hefur verið gerður áður. Ef við ætluðum á annað borð að endurgera nokkra af hans stærri gjörningum vildi hann nota tækifærið til að fara nánar í saumana á þeim og velta upp nýjum hliðum. Þess vegna fengum við listamenn úr öllum greinum til að taka þátt í endurgerðinni,“ segir Hanna en alls taka um 150 manns þátt í sýningunni.

Eftir Magnús liggja sautján stórir gjörningar frá 1980. Af þeim verðar fimm endurfluttir á sýningunni og einn nýr, Stuna, frumflutt. Hanna segir ýmsar leiðir farnar í endurgerð verkanna. Í einu þeirra er brot úr sviðsverki sett fram sem sjálfstæður gjörningur; annað byggir á skúlptúr frá 1980 og verður sett fram sem gjörningur og af honum mun leiða nýr skúlptúr.

„Verkin sem urðu fyrir valinu eiga það sameiginlegt að gefa innsýn í hina gífurlega miklu breidd sem einkennir lifandi verk Magnúsar.“ bergsteinn@frettabladid.is



**MAGNÚS PÁLSSON** Reynir að finna nýja fleti á gömlum gjörningum.




BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
UPPSTIGNINGARDAGUR Í BÓNUS
ALLAR VERSLANIR OPNAR 10:00-18:00
Coca-Cola
79 KR. 33cl
pepsi
179 KR. 2 ltr.
398 KR. STK
STÓR FRISBEEDISKUR 36 SM
398 KR.
79 KR. STK
SÁPUKÚLUBOX 79 KR.STK
98 KR. STK
VATNSBYSSUR 98 KR.STK
298 KR. 20 STK
KRÍTAR 20 STK. 298 KR.
759 KR. KG
HEILL FERSKUR
KJÖRFUGLSKJÚKLINGUR
1998 KR. KG
KJÖRFUGLS FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
1598 KR. KG
KS.FROSIÐ LAMBALÆRI Í SNEIÐUM
3198 KR. KG
KS.FROSIÐ LAMBAFILLET
FROSIÐ LAMBAKJÖT GOTT VERÐ Í BÓNUS
679 KR. KG
ALI FERSKUR GRÍSABÓGUR
BÓNUS EKKERT BRUÐL
Hér færðu vildarpunkta
VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur






**ÚTSKRIFTARTÓNLEIKAR** Þuríður Helga Ingvarsdóttir heldur útskriftartónleika sína frá LHÍ í Fríkirkjunni á föstudag.

# Sérsamið verk á útskriftinni

**Þuríður Helga Ingvarsdóttir fiðluleikari mun leika nýtt verk eftir skólasystur sína, Báru Gísladóttur, á útskriftartónleikum frá LHÍ í Fríkirkjunni.**

„Við Bára erum á sama ári í skólanum og einhvern tíma í vetur barst í tal að mig vantaði eitthvert nútímaverk til að spila á útskriftartónleikunum. Þá spurði hún hvort hún ætti ekki að semja eitthvað fyrir mig og gerði það svo bara,“ segir Þuríður Helga Ingvarsdóttir fiðluleikari um tildrög þess að eitt verkanna sem hún leikur á útskriftartónleikum sínum frá LHÍ er nýtt íslenskt verk eftir skólasystur hennar, Báru Gísladóttur. Verkið heitir Eldtungur á Vaðlaheiði, sem Þuríður segir vísa til þess að sjálf sé hún frá Akureyri. „Ég veit reyndar ekkert mikið hvernig þessi titill kom til, en þetta er augljós tenging við Akureyri.“

Þuríður hefur numið fiðluleik frá sex ára aldri og útskrifast með BMus-gráðu frá Listaháskólanum nú í vor. Hún segist ekki viss hvort hún fari í framhaldsnám, það verði allavega ekki strax.

Auk verksins Eldtungur á Vaðlaheiði mun hún leika Sónötu fyrir fiðlu og píanó eftir Wolfgang Amadeus Mozart, Sónötu fyrir einleiksfiðlu eftir Jóhann Sebastían Bach og sónötu fyrir fiðlu og píanó eftir Sergei Prokofiev.

Tónleikarnir eru í Fríkirkjunni, hefjast klukkan 18 og auk Þuríðar koma fram hljóðfæraleikararnir Hrafnhildur Marta Guðmundsdóttir á selló, Steiney Sigurðardóttir á selló og Bára Gísladóttir á kontrabassa. Meðleikari er Richard Simm. - fsb

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**FIMMTUDAGUR 9. MAÍ 2013**

### Hátíðir

**15.00** Stofnun Barnahjálpar SÁÁ fagnað með skemmtidagskrá þar sem börnum og foreldrum er boðið á Barnahátíð SÁÁ í Von í Efstaleiti 7. Mikki refur og Lilli klifurmús úr Hálsaskógi mæta og gera allt vitlaust og jafnvel aðrir óvæntir gestir!

### Tónlist

**15.00** Skólahljómsveit Austurbæjar, Kór Vogaskóla og nemendur í 6. bekk Vogaskóla halda tónleika í Ráðhúsi Reykjavíkur. Flutt verða átta lög eftir Magnús Eiríksson í útsetningum Össurar Geirssonar.

**22.00 Birgir Örn Steinarsson** kenndur við Maus og Hjalti Jón Sverrisson úr Miri koma fram á Hemma og Valda. Þeir ætla að „gera heiðarlega tilraun til tilfinningaflutnings á milli lífvera,“ með kassagítörum, röddum og að mestu frumsömdum hugsmíðum.

### Myndlist

**17.00** Ásrún Kristjánsdóttir opnar sýningu í Gallery Bakary, Bergstaðastræti 14. Ásrún sýnir málverk, unnin á síðust þremur árum.



### Bíó

**20:00** Stutt- og heimildamyndahátíðin Reykjavík Shorts & Docs Festival hefst. Hún verður haldin 9.-16. maí í Bíó Paradís, Kex Hostel og í Slipp Bíó / Reykjavík Marina. Þetta er í 11. sinn sem hátíðin er haldin og að venju er fjölbreytt úrval íslenskra og erlendra stutt- og heimildarmynda.

*Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is*

BARNAHJÁLP SÁÁ BARNAHJÁLP SÁÁ

# Til hamingju krakkar!

## *Barnahjálp SÁÁ stofnuð í dag!*

**Barnahjálp SÁÁ hefur það hlutverk að aðstoða börn alkóhólista, en talið er að um 6000 börn á Íslandi búi við heilsuskaðlegt álag vegna áfengis- eða vímuefnsýki foreldra sinna.**

**Tryggingamiðstöðin, Atlantsolía, Eimskip, Vinnslustöðin og Stöð 2 eru verndarenglar Barnahjálpar SÁÁ og veita Barnahjálpinni myndarlegan fjárstyrk í vöggugjöf og þakkar SÁÁ þeim kærlega fyrir stuðninginn!**

## Barnahátíð

Í tilefni dagsins bjóðum öllum börnum og foreldrum á Barnahátíð kl. 15:00 í dag.





- **Hljómsveitin Pollapönk**
- **Mikki refur og Lilli klifurmús**
- **Íþróttaálfurinn**
- **Hoppukastalar**
- **Sælgæti frá Góu**
- **o.m.fl.**






**Í VON, HÚSI SÁÁ EFSTALEITI 7.**

**Allir velkomnir.**
**Aðgangur ókeypis!**

## Risa-uppistand

Risa-uppistand á uppstigningardag í Gamla Bíó kl. 20.30. Fram koma fyndnustu grínistar landsins:

- **Ari Eldjárn**
- **Sólmundur Hólm**
- **Saga Garðars**
- **Jóhann Alfreð**
- **Pétur Jóhann**
- **Bergur Ebbi**
- **Björn Bragi**
- **Þorsteinn Guðmundsson**



**Miðverð er aðeins 1500 krónur og rennur andvirðið til Barnahjálpar SÁÁ.**

TM · 2 · AO ATLANTSOLÍA · EIMSKIP YFIR HAFIÐ OG HEIM · VSV · BARNAHJÁLP SÁÁ · SÁÁ



## TÓNNINN GEFINN

Kjartan Guðmundsson

# Nú er kátt um borg og bæ …



Gamli högninn Pharrell Williams virðist ætla að eiga níu líf hvað svalheitin varðar og hefur á síðustu vikum komið rótsterkur inn í baráttuna um smelli komandi sumars. Eftir að hafa slegið í gegn með NERD fyrir rúmum áratug og pródúserað hittara fyrir Snoop Dogg, Britney Spears, Kelis, Nelly, Justin Timberlake, Kanye West, Beyoncé og – alla aðra! (á sínum tíma bentu rannsóknir til þess að Skateboard P, eins og við vinir hans köllum hann, bæri á einhvern hátt ábyrgð á milli 20 og 40 prósentum af allri tónlist í bresku og bandarísku útvarpi) kom smá lægð í vinsældirnar í kjölfarið, enda vart á færi nokkurrar mannlegrar veru að þola slíkan risaskammt af sviðsljósinu án þess að láta á sjá. Núna er hann hins vegar í misstórum hlutverkum í tveimur af þeim lögum sem undirritaður getur helst ímyndað sér að verði á alla vörum í vor og sumar, Get Lucky ásamt Daft Punk og Blurred Lines með Robin Thicke.

Djúpt neðan úr hipsteraheimum heyrast reyndar raddir þess efnis að fyrrnefnda lagið sé nú þegar búið að vera, að yfir-hæpið (þegar þessi orð eru rituð hafa í það minnsta tvær ábreiður litið dagsins ljós og eflaust er von á fleirum) hafi tryggt því skjótan dauðdaga. Hugsanlega er nokkuð til í því en ekki skyldi vanmeta mátt og megin hins almenna útvarpshlustanda, sem getur hæglega haldið jafnvel slöppustu slögurum í ítrekaðri spilun svo mánuðum skiptir. Vonir undirritaðs standa þó til þess að Blurred Lines sé rétt að hefja sig til flugs, enda fremra fyrirbæri á allan hugsanlegan hátt og lekur af því sólarolían.

Af öðrum hugsanlegum sumarsmellum kemur annar kisi, sá ungi og íslenski Kött Grá Pje, strax upp í hugann. Aheybaró er í raun furðulega heilsteypt byrjandaverk, auk þess sem rappið hefur verið að sækja hressilega í sig veðrið að undanförnu (A$AP Rocky og Kendrick Lamar, sem dæmi) og virðist tilbúið til þess að skinka sig alla leiðina upp til sólguðanna. Gleðilegt sumar!

## Í spilaranum







**Bubbi** - Stormurinn
**Devendra Banhart** - Mala
**Ýmsir** - Pottþétt 59







**NÝ PLATA** Hljómsveitin Vampire Weekend gefur út Modern Vampires of the City eftir helgi. NORDICPHOTOS/GETTY

# Tilraunir og framfarir

Hljómsveitin Vampire Weekend gefur út plötuna Modern Vampires of the City.

Þriðja plata hljómsveitarinnar Vampire Weekend nefnist Modern Vampires of the City og kemur út eftir helgi á vegum útgáfunnar XL.

Eftir útgáfu Contra árið 2010 fór Vampire Weekend í langa tónleikaferð og byrjaði á sama tíma að semja lög á nýja plötu. Lagasmíðarnar hófust fyrir alvöru árið 2011 og í fyrsta sinn var fenginn utanaðkomandi upptökustjóri, eða Ariel Rechtshaid sem hefur áður starfað með Justin Bieber, We Are Scientists, Usher og Cass McCombs.

Upptökur fóru fram á hinum ýmsu stöðum, þar á meðal í New York og Los Angeles. Platan þykir vera tilraunakenndari en tvö síðustu verk og greinilegt að hljómsveitin vildi prófa öðruvísi hluti, m.a. með því að fá Rechtshaid til liðs við sig.

Umslag nýju plötunnar er ljósmynd frá árinu 1966 eftir Neal Boenzi af New York þegar mengun í borginni náði hámarki og fjöldi fólks lést.

Vampire Weekend er skipuð Ezra Koenig, söngvara og gítarleikara, Rostam Batmanglij hljómborðsleikara, Chris Baio bassaleikara og Chris Tomson trommuleikara. Sveitin var stofnuð árið 2006 þegar þeir stunduðu nám í Columbia-háskóla. Þótt sveitin hafi ekki verið stofnuð í Brooklyn er hún gjarnan talin til Brooklyn-senunnar.

Fyrsta plata Vampire Weekend árið 2008 hlaut frábæra dóma. Hún hafði að geyma indípopp undir alls kyns áhrifum, m.a. frá afrískri tónlist. Önnur platan Contra hlaut einnig mjög góða dóma, víðast hvar fjórar stjörnur af fimm mögulegum. Þar var sama birtan og spilagleðin til staðar eins og á fyrstu plötunni og verður forvitnilegt að sjá hvort nýja gripnum verði tekið eins vel.

Fjögurra og hálfrar stjörnu dómur í The Rolling Stone gefur fyrirheit um að þrátt fyrir tilraunamennskuna sé útkoman framúrskarandi. Þar segir að hljómsveitin hafi bætt sig á nánast öllum sviðum tónlistarinnar og hafi í eitt skipti fyrir öll tekist að losa sig undan háskólastimplinum sem hefur verið á henni.

Vampire Weekend byrjar á að fylgja plötunni eftir með sjö tónleikum í Bandaríkjunum. Eftir það verður förinni heitið til Evrópu. Sveitin stígur á svið á nokkrum tónlistarhátíðum í sumar, þar á meðal Glastonbury, Rock Werchter og Lollapalooza.

freyr@frettabladid.is

## Steve Buscemi leikstýrði tónleikum

Leikarinn og leikstjórinn Steve Buscemi leikstýrði tónleikum sem Vampire Weekend hélt í Roseland Ballroom í New York 28. apríl síðastliðinn. Buscemi var fenginn til að leikstýra eftir að bassaleikarinn Chris Baoi komst að því að þeir væru frændur.

# 2.5.2013 → 8.5.2013

## LAGALISTINN

| | Sæti | Flytjandi | Lag |
|---|---|---|---|
| ▲ | 1 | Daft Punk / Pharrell | *Get Lucky* |
| ▲ | 2 | Justin Timberlake | *Mirrors* |
| ▲ | 3 | Pink / Nate Ruess | *Just Give Me a Reason* |
| ▼ | 4 | Valdimar | *Beðið eftir skömminni* |
| ▼ | 5 | Retro Stefson | *She Said* |
| ▲ | 6 | Phillip Phillips | *Gone, Gone, Gone* |
| ▼ | 7 | Christina Aguilera / Pitbull | *Feel This Moment* |
| ▲ | 8 | Rudimental | *Not Giving In* |
| ▲ | 9 | John Grant | *GMF* |
| ▲ | 10 | Robin Thicke | *Blurred Lines* |

## TÓNLISTINN

| | Sæti | Flytjandi | Plata |
|---|---|---|---|
| * | 1 | St. Petersburg Cello Ensemble | *Flame and Wind* |
| * | 2 | Ýmsir | *Eurovision Song Contest 2013: Malmö* |
| ▼ | 3 | Ásgeir Trausti | *Dýrð í dauðaþögn* |
| ▼ | 4 | Ýmsir | *Tíminn flýgur áfram* |
| ▲ | 5 | Ólafur Arnalds | *For Now I Am Winter* |
| ▼ | 6 | Retro Stefson | *Retro Stefson* |
| ▼ | 7 | Of Monsters and Men | *My Head Is an Animal* |
| ▼ | 8 | John Grant | *Pale Green Ghosts* |
| * | 9 | Ýmsir | *Pottþétt 59* |
| ▲ | 10 | Skálmöld | *Börn Loka* |

**Skýringar** ▶ Stendur í stað síðan í síðustu viku ▼ Fellur um sæti síðan í síðustu viku ▲ Hækkar á lista síðan í síðustu viku * Nýtt á lista

Listarnir eru teknir saman fyrir Félag hljómplötuframleiðenda. Listarnir eru birtir í heild sinni á Vísir.is. vísir

**Þátttakendur í Lagalistanum** Bylgjan, FM957, Xið 977, Rás 2, K100,5, tonlist.is. **Verslanir í Tónlistanum** Skífan, Hagkaup, Penninn/Eymundsson, 12 tónar, Harpa, Smekkleysa plötubúð, Elko, tonlist.is.


EGF
DANISH BEAUTY AWARD '13 VINDER
HÚÐVARA ÁRSINS!
- fyrir líkamann
Go get it - Sunday Times
La fin de la „croco skin" - Votré Beauté
It's the feeling of absolute silkiness [...] that keeps me going back for more - Metro
Prête pour le maillot! - Grazia
Der ultimative Protein-Shake für jüngere, schönere Haut - Seitenblicke
EGF
Sigurvegari
HÚÐNÆRING
RAKAGEFANDI OG STYRKJANDI HÚÐNÆRING FYRIR LÍKAMANN
Íslenska EGF húðnæringin var valin húðvara ársins á Danish Beauty Awards 2013 í flokki lúxushúðvara fyrir líkamann.
Líkaminn á líka skilið það besta. EGF Húðnæring inniheldur frumuvaka sem styrkja og örva endurnýjun húðarinnar. Frábær meðferð fyrir líkamann - frá toppi til táar!

www.egf.is



**HROLLVEKJANDI** Hryllingsmyndin Mama er á meðal þeirra kvikmynda sem frumsýndar verða um helgina. Myndin skartar Nikolaj Coster-Waldau og Jessicu Chastain í aðalhlutverkum.

# Hrollvekjur og heimildarmyndir

## Hrollvekjan Mama og heimildarmyndin Mission to Lars verða frumsýndar í bíóhúsum um helgina.

Hrollvekjan Mama í leikstjórn Andrés Muschietti er á meðal þeirra kvikmynda sem verða frumsýndar um helgina. Myndin segir frá systrunum Victoriu og Lilly, sem hverfa daginn sem faðir þeirra myrti móður þeirra. Föðurbróðir stúlknanna og sambýliskona hans, sem leikin eru af Nikolaj Coster-Waldau og Jessicu Chastain, leita að stúlkunum í fimm ár þar til þær finnast dag einn í niðurníddum kofa. Stúlkurnar eru mannfælnar og dýrslegar í hegðun í fyrstu en Lucas og Annabel eru staðráðin í að taka þær í fóstur. Fljótlega fara þó dularfullir og hræðilegir atburðir að gerast.

Nýjasta kvikmynd leikstjórans Harmony Korine, Spring Breakers, verður frumsýnd í Laugarásbíói á mánudag. Korine gerði garðinn frægan árið 1995 með handriti sínu að kvikmyndinni Kids. Spring Breakers skartar Selenu Gomez, Vanessu Hudgens, Ashley Benson og James Franco í aðalhlutverkum og segir frá vinkonum sem lenda í vandræðum eftir kynni sín við eiturlyfjasala að nafni Alien.

Heimildarmyndirnar How to Survive a Plague og Mission to Lars verða frumsýndar í Bíói Paradís. Fyrrnefnda myndin var tilnefnd til Óskarsverðlauna og fjallar um baráttu bandaríska grasrótarsamtaka við heilbrigðiskerfið og lyfjaiðnaðinn þegar alnæmisfaraldurinn geisaði meðal samkynhneigðra á níunda áratugnum.

# Stutt- og heimildarmyndir í Paradís

## Bíóhátíðin Reykjavík Short & Docs hefst í dag.

Stutt- og heimildarmyndahátíðin Reykjavík Shorts & Docs fer fram í ellefta sinn dagana 9. til 16. maí í Bíói Paradís, Kexi Hosteli og í Slipp Bíói sem er í Hótel Marina.

Verðlaun eru veitt í tveimur keppnisflokkum; besta heimildarmynd nýliða og besta íslenska stuttmyndin. Átta myndir keppa í síðarnefnda flokknum og sex erlendar heimildarmyndir keppa í fyrrnefnda flokknum. Heimildarmyndirnar eiga það allar sameiginlegt að vera fyrsta eða önnur kvikmynd leikstjórans.

Aðrir sýningarflokkar á hátíðinni eru pólskar stuttmyndir, þýskar stuttmyndir, LGBT stutt- og heimildarmyndir, náttúra og útivist og loks íslenskar konur í kvikmyndagerð.



**STUTT Í PARADÍS** Stutt- og heimildarmyndahátíðin Reykjavík Shorts & Docs hefst í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



# Ánægjuleg geimferð

## Kvikmyndin Star Trek: Into Darkness verður frumsýnd annað kvöld. Myndin er sú tólfta í Star Trek myndaröðinni og skartar Chris Pine í hlutverki James T. Kirk.

Þegar mannskæð sprengja springur í London miðri kemur í ljós að tilræðismaðurinn er fyrrverandi liðsmaður stjörnuflotans, John Harrison að nafni. Ljóst er að Harrison hefur skipulagt fleiri árásir og kemur það í hlut áhafnarinnar á stjörnuskipinu Enterprise að stöðva hann áður en meiri mannskaði hlýst.

Kvikmyndin Star Trek: Into Darkness er sú tólfta í Star Trek myndaröðinni og er í leikstjórn J.J. Abrams sem leikstýrði einnig Star Trek frá árinu 2009. Abrams var einn af höfundum sjónvarpsþáttanna Felicity sem sýndir voru á árunum 1998 til 2002. Hann er einnig höfundur sjónvarpsþáttanna Alias, Lost, Fringe og Person of Interest. Meðal kvikmynda sem hann hefur leikstýrt má nefna stórmyndina Armageddon frá árinu 1998 og Mission: Impossible III frá 2006.

Chris Pine og Zachary Quinto fara með hlutverk félaganna James T. Kirk og Spocks í myndinni. Með önnur hlutverk fara Benedict Cumberbatch, Zoe Saldana, Karl Urban, Simon Pegg og Alice Eve.

Star Trek: Into Darkness fær góða dóma víða og samkvæmt gagnrýnanda Variety er myndin það vel gerð og ákaflega ánægjuleg áhorfs að erfitt sé að finna að henni. Gagnrýnandi Hollywood Reporter líkir myndinni aftur á móti við stóra vél sem gerir það sem krafist er af henni en er sneydd persónuleika og stíl. Into Darkness hlýtur 83 prósent í einkunn á vefsíðunni Rottentomatoes.com og 8,4 í einkunn á Imdb.com. - sm

### ÁRATUGALÖNG SAGA STAR TREK

1965 – 1995 – 2013

**1966–1969** Þættirnir hófu göngu sína á NBC-sjónvarpsstöðinni þann 8. september 1966 og skörtuðu leikaranum William Shatner í hlutverki kapteins James T. Kirk.



**1979 - Star Trek:** The Motion Picture

**1982 - Star Trek II:** The Wrath of Khan

**1984 - Star Trek III:** The Search for Spock

**1986 - Star Trek IV:** The Voyage Home

**1987–1994** The Next Generation gerist rúmri öld eftir að Kirk og félagar fóru djarflega á staði sem enginn hafði áður komið á. Patrick Stewart fór með hlutverk kapteins Jean-Luc Picard og stýrði nýju skipi; Enterprise-D.



**1989 - Star Trek V:** The Final Frontier

**1991 - Star Trek VI:** The Undiscovered Country

